Uppspuni frá Rótum sleginn af

Völvan ➤ 38



Hetjur stíga fram á nýju ári

Lífið ➤ 42






FRÉTTABLAÐIÐ

257. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR frettabladid.is FÖSTUDAGUR 31. DESEMBER 2021




TEIKNING/HALLDÓR BALDURSSON

Lyftu þér upp á nýju ári!

8 áfangastaðir

Verð frá 5.999 KR.

PLAY flyPLAY.com

## Biður ríkislögmann að fara yfir dómana

adalheidur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Katrín Jakobsdóttir hefur óskað eftir því við settan ríkislögmann að farið verði yfir dóma Landsréttar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum, til að meta hvort af þeim megi draga ályktanir um það hvernig bótafjárhæðin hafi verið ákvörðuð. Þetta kemur fram í svari Katrínar við fyrirspurn Fréttablaðsins.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

Fyrirspurn var beint til hennar í tilefni af opnu bréfi Páls Rúnars M. Kristjánssonar, lögmanns erfingja Tryggva Rúnars Leifssonar, sem birt var í Fréttablaðinu í vikunni. Í bréfinu hvetur Páll Rúnar Katrínu til að ná sáttum við aðstandendur Tryggva Rúnars en Landsréttur hafnaði kröfu þeirra um frekari bætur á grundvelli aðildarskorts þar sem Tryggvi sjálfur var látinn áður en bótakrafan var gerð. Í svari sínu útilokar Katrín ekki að viðræður um sættir verði teknar upp á ný og nefnir einnig að skoða verði málið í samhengi við aðstæður erfingja Sævars Ciesielski þar sem réttarstaðan kunni að vera hliðstæð. Þá segir Katrín einnig að máli skipti hvort óskað verði eftir leyfi til að áfrýja dómi í máli Tryggva til Hæstaréttar og hvort slíkt leyfi verði veitt. ■

## Skautað yfir árið



Kalt hefur verið í veðri á höfuðborgarsvæðinu undanfarna daga og skilyrði til skautaiðkunar á Reykjavíkurtjörn eins og best verður á kosið. Áfram verður frost á suðvesturhorninu í dag og góð áramótaspá víðast hvar á landinu, léttskýjað og útlit fyrir gott flugeldaskyggni. Svo er spáð hlýnandi veðri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Gömul frænka gaf Guðna vettlingana

gar@frettabladid.is

**FÓLK** Gátan um glæsilegu prjónavettlingana sem Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, var í á forsíðu Fréttablaðsins á þriðjudag, er leyst.

Vettlingarnir er með fána Íslands í mynstrinu. Guðni fékk þá að gjöf en mundi ekki eftir hver hafði fært honum þá.

„Guðfinna móðursystir mín færði mér og fjölskyldunni reglulega alls kyns prjónles og indælt að rifja upp að þessir fínu Íslandsvettlingar séu þar á meðal,“ upplýsir Guðni.

Það voru sem sagt Guðfinna heitin Thorlacius, hjúkrunarfræðingur og móðursystir forseta, og vinkona hennar, Þórey Bergsdóttir, sem gáfu forsetanum vettlingana.

„Forsagan er sú að kanadískt „mömmuhokkílið“ hélt til Akureyrar, heimabæjar Guðfinnu og Þóreyjar, og tók þar þátt í öldungamóti í íshokkí. Þær vinkonurnar prjónuðu nokkur pör handa konunum í liðinu en eitt par varð eftir, sem Guðfinna gaf Guðna,“ segir Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur hjá forsetaembættinu. Þetta hafi nú rifjast upp fyrir forsetanum með góðri hjálp innan fjölskyldunnar. ■



Vinkonurnar Guðfinna Thorlacius og Þórey Bergsdóttir gáfu forsetanum vettlingana góðu.






# Nýgift misstu af jólunum er ísklumpur braut þoturúðu

Geir Ólafsson og Jo Mitchell vörðu jólunum tilneydd á hamborgarastað í Kosta Ríka eftir að rúða í þotunni sem átti að flytja þau heim brotnaði.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Verkfræðingurinn Geir Ólafsson og eiginkona hans Jo Mitchell komust ekki heim til sín um jólin af því að framrúða í þotu brotnaði í miðju flugi. Þurftu þau að borða hamborgara á skyndibitastaðnum Denny's í Kosta Ríka öll jólin.

„Við misstum af jólunum,“ segir Geir sem býr í borginni Cheltenham í vesturhluta Englands. Hann og kona hans voru í tveggja vikna brúðkaupsferð í Mið-Ameríkuríkinu Kosta Ríka. Ætluðu þau með vél British Airways aftur heim til Bretlands á Þorláksmessu og dvelja heima hjá foreldrum hans í Edinborg um jólin.

Yfir Atlantshafinu, í rúmlega 10 kílómetra hæð yfir sjávarmáli, varð Boeing 777 vélin hins vegar fyrir ísklumpi úr annarri þotu sem flaug 300 metrum fyrir ofan hana. Brotnaði rúðan en féll ekki saman og hélt alla leiðina til Jamaíku þar sem hún fór beint í viðgerð.

Mjög illa hefði getað farið ef glerið hefði algerlega gefið sig í flugstjórnarklefanum, enda 200 farþegar um borð.

Geir og Jo höfðu ekkert frétt af farþegunum sem voru um borð og fengu litlar sem engar fréttir frá British Airways. Þetta setti heimkomuna og hátíðirnar í uppnám.

Ekki gekk að finna aðra ferð eða tengiflug til Bretlands og því var ljóst að þeir sem áttu flug yrðu að vera í Kosta Ríka á aðfangadag og jafnvel lengur.

Geir segist hafa séð fólk sárbiðja flugvallarstarfsfólk um að finna leið til að komast heim. Sumir hafi verið reiðir og sumir grátandi yfir að komast ekki til ástvina sinna um jólin.

„Við vorum sett á hótel og biðum eftir fréttum,“ segir Geir. „Við þorðum ekki að fara eða gera neitt því að kannski kæmi vél með litlum fyrirvara.“



Rúðan brotnaði yfir Atlantshafinu. MYND/AÐSEND

> Við þorðum ekki að fara eða gera neitt því að kannski kæmi vél með litlum fyrirvara.
>
> Geir Ólafsson verkfræðingur



Geir og Jo voru í brúðkaupsferðinni í Kosta Ríka. MYND/AÐSEND

Því þurftu þau að borða allar hátíðarmáltíðirnar á hamborgarastaðnum Denny's við hótelið því illa gekk að koma annarri vél til San José, höfuðborgar Kosta Ríka. Það tókst þó loksins seint á annan dag jóla og voru Geir og Jo komin heim er Fréttablaðið náði tali af þeim. ■




LANDSBANKINN.IS

# Vígaterturnar vinsælastar og margir kaupa rótarskot líka

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Flugeldasala björgunarsveitanna fer vel af stað samkvæmt Davíð Má Bjarnasyni, upplýsingafulltrúa Landsbjargar, en flestir kaupa flugelda tvo síðustu daga ársins.

Flugeldasalan hófst á þriðjudag og lýkur á flestum stöðum klukkan 16 í dag. Undanfarin ár hafa tekjur félaganna verið um 700 til 800 milljónir, eða um 60 prósent af heildartekjunum.

„Sölufólkið okkar er ánægt með viðtökurnar og landsmenn hafa greinilega tekið það til sín að mæta tímanlega,“ segir Davíð en salan tekur vitaskuld mið af sóttvarnaráðstöfunum. „Í fyrra tókum við það upp að nota netverslun og mörgum finnst það þægilegra.“

Davíð segir terturnar hafa verið vinsælastar undanfarin ár. Til að mynda hinar samsettu vígatertur, sem séu í raun eins og flugeldasýning.

„Stjörnuljósin eru líka svakalega vinsæl vara. Það eru ekki áramót án stjörnuljósa,“ segir hann.



Terturnar eru vinsælar sem fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það eru ekki áramót án stjörnuljósa.
>
> Davíð Már Bjarnason, upplýsingafulltrúi Landsbjargar

Fyrir þremur árum hófu björgunarsveitirnar að selja svokölluð rótarskot í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands, það er gróðursett tré í áramótaskógi Landsbjargar við Þorlákshöfn. Þau er bæði hægt að kaupa í netverslun og á sölustöðum, og Davíð segir marga hafa keypt rótarskot með flugeldunum. „Með þessu er bæði verið að styðja við björgunarstarfið og umhverfið,“ segir hann. ■

# Hvorki heilsa né líðan rannsökuð

benediktboas@frettabladid.is

**FJÁRLÖG** Alma D. Möller landlæknir sendi bréf á fjárlaganefnd á mánudag til að ítreka ósk um fjárheimild vegna rannsóknarinnar Heilsa og líðan Íslendinga 2022. Fer Alma þess á leit við nefndina að hún hækki fjárheimild um 20 milljónir til að tryggja fjármögnun verkefnisins í samræmi við upprunalega beiðni til heilbrigðisráðuneytisins.

> **»** Landlæknir biðlar til fjárlaganefndar um fé fyrir rannsókninni.



Alma Möller, landlæknir

Segir Alma í bréfinu að um mikilvæga rannsókn sé að ræða sem hafi fest sig í sessi sem mikilvæg uppspretta upplýsinga um heilsufar, líðan, lífsgæði og lifnaðarhætti fullorðinna Íslendinga. Ítrekar Alma beiðni sína enda hafi nefndin ekki gert breytingar á fjárlagafrumvarpinu þess efnis að veita verkefninu fjárheimild. ■

# Engin tölfræði um slys vegna skotelda

**Engin heildartölfræði er til um skráningu slysa af völdum vöru hér á landi. Skoteldar falla þar undir, en vegna anna á bráðamóttöku höfuðborgarsvæðisins hefur ekki verið hægt að safna þeim upplýsingum saman. Lögfræðingur hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun telur mögulegt að koma í veg fyrir slys ef haldið er betur utan um skráningu þeirra.**

ninarichter@frettabladid.is

**SLYSAVARNIR** Í 13. grein reglugerðar um skotelda frá 2017 segir um tilkynningarskyldu að bráðamóttöku viðkomandi sjúkrahúss beri að tilkynna slys af völdum skotelds þegar í stað til lögreglu og Neytendastofu.

Sömuleiðis beri sjúkrahúsinu skylda til að tilkynna Neytendastofu þegar gallaðra skotelda verður vart í umferð.

Svava G. Ingimundardóttir er lögfræðingur hjá markaðseftirliti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), sem tekið hefur við þessum málaflokki af Neytendastofu eftir lagabreytingu um stjórnsýslu neytendamála síðan í byrjun október.

Hún segir stofnunina ekki hafa aðgang að neinni samantekt eða heildartölfræði um slys af völdum skotelda.

„Í gegnum árin hefur verið óskað eftir upplýsingum frá bráðamóttöku vegna slysa af völdum skotelda. Vegna anna á bráðamóttöku á höfuðborgarsvæðinu höfum við fengið þau svör að þau hafi ekki haft tök á því að taka slíkar upplýsingar saman,“ segir Svava.

Hún segir HMS hafa fengið upplýsingar um slys frá öðrum heilbrigðisstofnunum en stundum hafi vantað upplýsingar um skoteldinn og gerð hans.



Vegna anna á bráðamóttöku höfuðborgarsvæðisins hefur ekki náðst að halda skrá yfir slys af völdum skotelda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Við höfum einnig óskað eftir nánari upplýsingum um slys frá almenningi, þegar okkur hafa borist fregnir af slysum, til dæmis í gegnum fjölmiðla.



Svava Gerður Ingimundardóttir, lögfræðingur hjá HMS

„Við höfum einnig óskað eftir nánari upplýsingum um slys frá almenningi þegar okkur hafa borist fregnir af slysum, til dæmis í gegnum fjölmiðla,“ segir hún.

Stofnunin þarf þess vegna að reiða sig á ábendingar frá fólki. Svava nefnir sem dæmi að eitt árið hafi verið nokkuð um slys vegna handblysa. „Síðan kom í ljós vegna ábendinga, bæði frá heilbrigðisstofnun og einstaklingum, að um var að ræða ákveðna tegund af handblysum sem í kjölfarið var tekin úr sölu.“ Hún segir því ljóst að slíkar ábendingar geti skipt sköpum við að koma í veg fyrir frekari slys. ■




# Á þriðja hundrað starfsmanna gáfu Mæðrastyrksnefnd jólagjöfina sína

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Alls völdu 243 starfsmenn Landspítalans að gefa jólagjöfina sína til Mæðrastyrksnefndar þessi jólin en starfsmenn gátu valið um nokkrar gjafir. Ein var að gefa Mæðrastyrksnefnd sjö þúsund krónur og fékk því nefndin 1,7 milljónir og þúsund krónum betur. Þetta kemur fram í svari spítalans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Mæðrastyrksnefnd nýtur góðs af hetjum faraldursins því í fyrra fékk starfsfólkið umdeilt sjö þúsund króna gjafabréf í skóbúð sem um eitt hundrað manns gáfu til nefndarinnar.

Læknar af lyflækningasviði, ásamt mörgum fleirum, söfnuðu jólagjöfum spítalans saman og færðu Mæðrastyrksnefnd. Þetta voru þó ekki einu starfsmenn Landspítalans sem létu gott af sér leiða í fyrra því nokkrir starfsmenn á móttökugeðdeildinni gáfu inneign sína til Solaris – hjálparsamtaka fyrir hælisleitendur og flóttafólk.



Hetjur faraldursins hugsa yfirleitt um þá sem eru minnimáttar. MYND/LSH

Í ár gátu starfsmenn spítalans valið milli fjórtán þúsund króna gjafabréfs hjá Sky Lagoon, níu þúsund króna gjafabréfs hjá Sælkerabúðinni, tólf þúsund króna gjafabréfs hjá Cintamani, 12.475 króna gjafabréfs hjá FlyOver Iceland, tólf þúsund króna gjafabréfs hjá Bestseller eða 14.990 króna gjafabréfs hjá Zipline – Ævintýris í Vík í Mýrdal.

Ekki kom fram frekari sundurliðun á hvað starfsfólki leist best á en samkvæmt vefsíðu spítalans starfa um sex þúsund manns í rúmlega fjögur þúsund og fimm hundruð stöðugildum. ■




Mjólkursamsalan
óskar landsmönnum
árs og friðar

Þökkum viðskiptin
á árinu

# Kláfur og hótel á Eyrarfjalli ofan Ísafjarðar í umhverfismat

gar@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTA** Áform um kláf upp Eyrarfjall á Ísafirði og veitingastað og hótel uppi á fjallinu þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.

Með niðurstöðu sinni staðfestir úrskurðarnefndin ákvörðun Skipulagsstofnunar um umhverfismat vegna áforma Eyrarkláfs ehf. Lúta þau að því að leggja tvo kláfa upp á Eyrarfjall með byrjunarstöð í þéttbýlinu á Ísafirði. Þá er fyrirhugað að byggja veitingahús ofan á Eyrarfjalli og síðan sjálfbærar gistieiningar eða hótel.

Skipulagsstofnun sagði um að ræða nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir.

„Samanstandi þær af byggingu byrjunarstöðvar við þéttbýlismörk á Ísafirði, uppsetningu um 1.400 metra langra kláfvíra og burðarmasturs um miðja vegu upp Eyrarfjall og síðan byggingu endastöðvar, veitingasalar og hótels fyrir um 60 til 70 gesti á toppi fjallsins,“ segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar.



Veðurstofan óttast að skíðafólk valdi snjóflóðum en Eyrarkláfur segist ekki flytja skíðafólk. MYND/AÐSEND

» Hótel er áformað á fjallinu.

Þá eigi að framkvæma á ósnortnu svæði í hlíðum Eyrarfjalls og uppi á fjallinu í mikilli nálægð við þéttbýlið á Ísafirði. „Bæði Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun telji að helstu umhverfisáhrifin verði að fyrirhuguð mannvirki muni breyta ásýnd Eyrarhlíðar og Eyrarfjalls séð víða að og þannig leiða til varanlegra breytinga á landslagi.“ ■



Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja Holding ehf.

## Ekki enn tekist að sannreyna gögn vegna útgerðar

benediktboas@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Hagnaður af rekstri alþjóðlega sjávarútvegsfyrirtækisins Samherja Holding ehf. á árinu 2020 nam 27,4 milljónum evra eða um fjórum milljörðum íslenskra króna samkvæmt ársreikningi. Ársreikningar samsteypunnar voru samþykktir á aðalfundi félagsins á miðvikudag.

> „Íslendingar eiga að vera ófeimnir við að taka þátt í atvinnurekstri erlendis.
>
> Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja Holding ehf.

Samkvæmt Samherja hefur ekki enn tekist að sannreyna nægilega vel gögn vegna útgerðar í Namibíu sem nú hafi verið hætt. Mikið hefur verið fjallað um téða útgerð eftir að Kveikur hóf umfjöllun um hana árið 2019.

Samherji bendir á að enn ríki óvissa um málarekstur vegna fjárhagslegra uppgjöra sem tengjast rekstrinum í Namibíu og af þeim ástæðum gerði stjórnin fyrirvara um uppgjör þess félags sem annaðist starfsemina þar í landi í skýrslu sinni. Sama fyrirvara gera endurskoðendur félagsins í áritun sinni. Að öðru leyti er áritun á reikningana fyrirvaralaus. ■

# Bandarísk félög saka Icelandair um tækifærismennsku í nýrri Kúbudeilu

Bandarísk flugfélög hafa gert athugasemdir við umsókn dótturfélags Icelandair um flug milli Bandaríkjanna og Kúbu. Ferðirnar verða 170 á fjögurra mánaða tímabili.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Þrjú bandarísk flugfélög hafa mótmælt því að Icelandair fái leyfi til að fljúga með farþega milli Bandaríkjanna og Kúbu og saka flugfélagið um tækifærismennsku. Þau telja að Icelandair muni ekki byggja upp þessar flugleiðir til framtíðar eins og þau hyggist gera.

Í september var greint frá því að Loftleiðir, dótturfélag Icelandair, hefði samið um leiguflug fyrir félagið Anmart Air, alls þrettán ferðir milli Orlandoborgar í Flórída-fylki og Havana, höfuðborgar Kúbu. Nú á hins vegar að bæta í og fljúga alls 136 ferðir, fram og til baka, milli Havana og Miami á Flórída, sem og 17 ferðir til Orlando og 17 til Houston í Texas-fylki.

Flugfélögin iAero Airways, World Atlantic Airlines og GLOBALX, sem öll hafa sinnt Kúbuflugi, hafa sent inn athugasemdir til bandarísku samgöngustofnunarinnar, DOT, vegna leyfisveitingar Icelandair.

Í athugasemd iAero segir að innkoma Icelandair mun hamla bandarískum flugfélögum sem séu að byggja upp flugleiðirnar milli Kúbu og Bandaríkjanna á nýjan leik. Félagið hafi sjálft nógu margar vélar til að leigja Anmart fyrir flugið.

Einnig að Icelandair sé farið að reiða sig í of miklum mæli á flug undir hinu svokallaða „sjöunda frelsi“. En það er rétturinn sem ríki veita flugfélögum í þriðja ríki til þess að sinna millilandaflugi fyrir sig. Þetta sé 20 prósent af starfseminni nú.

„Aðalástæða Icelandair fyrir umsóknum um 170 flugferðir yfir fjögurra mánaða tímabil er að þrengja efnahagslega að bandarískum flugfélögum,“ segir í athugasemd iAero. Alls eru flugferðirnar milli Bandaríkjanna og Kúbu 3.600 fram og til baka á ári.




Dótturfélag Icelandair hefur samið um að fljúga þrettán ferðir milli Orlandoborgar og Havana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> „Anmart Superior Travel valdi Loftleiðir einfaldlega sem samstarfsaðila í þessu flugi og því kemur gagnrýni bandarísku flugfélaganna okkur á óvart.



Árni Hermannsson, framkvæmdastjóri Loftleiða




„Anmart Superior Travel valdi Loftleiðir einfaldlega sem samstarfsaðila í þessu flugi og því kemur gagnrýni bandarísku flugfélaganna okkur á óvart,“ segir Árni Hermannsson, framkvæmdastjóri Loftleiða. „Á meðal ástæðna sem Anmart hefur fyrir valinu er að Loftleiðir geta boðið upp á stærri flugvélar með meira farangursrými, en algengt er að fólk taki mikinn farangur með sér á þessari flugleið. Fjöldi flugfélaga sinnir flugi á milli tveggja annarra landa en heimalandsins og á það sérstaklega við um flugfélög sem sinna leiguflugi.“

Segir hann Loftleiðir áður hafa skipulagt verkefni í leiguflugi fyrir bandarískar ferðaskrifstofur og það gengið vel. Það er frá borgunum Detroit og Boston til áfangastaða í Karíbahafinu.

Í yfirlýsingu sendi Icelandair einnig frá sér að tölur iAero um hlutfall „sjöunda-frelsis flugs“ væru bjagaðar í ljósi faraldursins. Í vanalegu árferði sé fjöldi flugferða Icelandair milli Íslands og Bandaríkjanna mun meiri. ■

# Hundrað milljónum varið í að hækka listamannalaun

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Alls verður 100 milljónum króna varið til að hækka listamannalaun. Á næsta ári mun aukning til Myndlistasjóðs nema 43,2 milljónum, framlag til sjóðs vegna starfsemi atvinnuleikhópa hækkar um 42,5 milljónir og aukning til tónlistarsjóða nemur 18 milljónum.

Alls munu framlög til verkefnasjóða og styrkja á sviði menningar, að meðtöldum launasjóðum listamanna, nema um 3,3 milljörðum króna á fjárlögum næsta árs. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Stjórnarráðsins.

Listamannalaun eru greidd mánaðarlega en þeir sem fá starfslaun í sex mánuði eða lengur skulu ekki gegna fullu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur, samkvæmt reglum. Umsóknarfrestur var til 4. október. Listamannalaunin námu 409.580 krónum á mánuði samkvæmt fjárlögum 2021.



Lilja Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra

Fjöldi umsækjenda í ár var 1.440, 1.305 einstaklingar og 135 sviðslistahópar með um 940 listamönnum. Sótt var um 13.675 mánuði. Alls fengu 308 listamenn og 26 sviðlistahópar úthlutun.

Á næsta ári munu menningarmálin meðal annars fá nýtt heimili í nýju ráðuneyti, ný myndlistarstefna fyrir Ísland verður kynnt, vinna við nýja tónlistarstefnu hefjast og ný sviðslistamiðstöð hefja starfsemi sína.

„Fjárframlög til sjóða á sviði menningar halda áfram að vaxa sem mun ótvírætt skila sér til baka til samfélagsins. Aukningin er í takt við stjórnarsáttmálann, þar sem tekið er skýrt fram að við ætlum að tryggja undirstöður íslensks menningar- og listalífs. Heimsfaraldurinn hefur haft óhjákvæmilegar afleiðingar fyrir menninguna okkar, en við ætlum að halda áfram að hlúa að henni,“ segir Lilja Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra. ■




## Nýtt ár og ný ævintýri eru á næsta leiti

Viðburðaríkt ár er senn á enda og það nýja nálgast óðfluga. Vonin um bjarta framtíð einkennir þessi tímamót hjá okkur flestum – við lítum um öxl, þökkum fyrir það sem vel gekk og lærum af því sem við mættum bæta, með íslenska andann í farteskinu.

Við hlökkum til að endurnýja kynnin við áfangstaði nær og fjær og fara samferða ykkur í enn fleiri ferðalög.

Við óskum því landsmönnum öllum gleðilegs nýs ferðaárs, með ósk um ævintýralegar stundir.



Jörð fór að skjálfa hressilega við Grindavík snemma á árinu og eldgos hófst í Geldingadölum 19. mars. Nú um miðjan desember var því lýst yfir að gosi væri lokið og jörðin beið ekki boðanna og fór umsvifalaust að skjálfa á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Það liðu tveir mánuðir frá kosningum þangað til ríkisstjórn var loks mynduð. Ný ríkisstjórn kom til fundar á Bessastöðum þann 28. nóvember í roki og rigningu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Aurskriða féll á tvö hús á Laugavegi í Varmahlíð í lok júní í sumar. Íbúar voru æfir af reiði og kenndu aðgerðaleysi yfirvalda um tjónið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Mikið mæddi á Alþingi á árinu. Birgir Ármannsson var kjörinn forseti Alþingis í byrjun desember og byrjaði á að klúðra drætti í sæti þingmanna í þingsal. Fall er fararheill. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Bólusetningargengi Heilsugæslunnar á Höfuðborgarsvæðinu hlaut mikið lof fyrir flott skipulag í Laugardalshöll þegar þjóðin var bólusett. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Kjörgögn frá Norðvesturkjördæmi voru kyrfilega geymd í fangaklefa í Borgarnesi, en þó ekki fyrr en eftir að talningu þeirra var lokið. Fréttablaðið fylgdist með þegar undirbúningsnefnd kjörbréfanefndar Alþingis kannaði gögnin í vettvangsferð í Borgarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Nú stuttu fyrir jól kom Guðmundur Felix Grétarsson heim eftir langa og stranga læknismeðferð í Frakklandi þar sem græddar voru á hann hendur. Það voru fagnaðarfundir þegar hann gekk í móttökusalinn á Leifsstöð og veifaði öllum viðstöddum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


KRÓNAN
OPIÐ Í DAG
9-16
Í ÖLLUM VERSLUNUM!
Gleðilegt nýtt kál!
Afgreiðslutímar á www.kronan.is



Mótmælendur brutust inn í þinghúsið í Washington í Bandaríkjunum þann 6. janúar. Lögreglumenn og öryggisverðir hörfuðu þegar æstur múgurinn braut sér leið inn í þinghúsið veifandi fánum sem margir tengdust hvítum öfgahópum. Kona var skotin innan veggja þinghússins, inni í byggingunni beittu lögreglumenn piparúða og reyksprengjum til að reyna að stöðva múginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Í ágúst sölsuðuð Talibanar til sín völd í Afganistan tuttugu árum eftir að innrásarlið Bandaríkjanna setti stjórn þeirra af. Átök í Afganistan stigmögnuðust eftir að Bandaríkjaher hóf að draga herlið sitt frá landinu. Í kjölfar valdatökunnar eru hundruð þúsunda Afgana á flótta og milljónir manna þurfa á mannúðaraðstoð að halda.

Gróðureldar geisuðu víða um heim á árinu. Eldunum fylgir mikil losun gróðurhúsalofttegunda. Á myndinni má sjá slökkvilið reyna að slökkva eld í Grikklandi. Miklir eldar urðu til að mynda einnig í Kaliforníu, Kanada og Rússlandi.





Joe Biden tók þann 20. janúar við embætti forseta Bandaríkjanna. Hann sór embættiseið við hátíðlega athöfn í Washington og varð þá 46. forseti landsins. Jill Biden stóð þétt við hlið eiginmanns síns við athöfnina. Þann sama dag tók Kamala Harris við embætti varaforseta Bandaríkjanna, fyrst kvenna. Í nóvember síðastliðnum fékk Harris svo forsetavald þegar Biden gekkst undir ristilspeglun. Hann er elstur allra starfandi forseta Bandaríkjanna til þessa.



Bólusetningar gegn Covid-19 fóru fram um allan heim en bóluefninu var þó misskipt. Um helmingur allra jarðarbúa hefur verið fullbólusettur gegn sjúkdómnum en hlutfall bólusettra er ólíkt í löndum heimsins.

# Gleðilegt nýtt ár

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða





Bláber



Hindber



Jarðarber



Ferskir villisveppir



Grænn og hvítur aspas



Rósakál

**HAGKAUP**

## Afgreiðslutími yfir áramótin

| | Skeifan<br>Garðabær | Smáralind | Kringlan | Akureyri<br>Eiðistorg<br>Spöngin |
|---|---|---|---|---|
| 31. des | Opið til 18 | 10-14 | 10-14 | 8-18 |
| 1. jan | Opnar 12 | Lokað | Lokað | Lokað |
| 2. jan | 24 | 12-17 | 12-17 | 10-24 |

# Tíu heitustu áfangastaðir Íslands 2021

Ef einhver hefur komið standandi niður í Covid-19 faraldrinum þá er það íslensk náttúra, enda ferðast Íslendingar sem aldrei fyrr um eigið land. Sífellt fleiri hafa því valið að kynnast íslenskri náttúru í stað utanlandsferða og því sem hún hefur upp á að bjóða. Margir hafa valið þekktar náttúruperlur eins og Gullfoss, Geysi, Dettifoss og Ásbyrgi, á meðan aðrir hafa leitað uppi önnur djásn sem liggja utan alfaraleiðar, en þar leynast tíu náttúruperlur sem slógu í gegn á árinu sem er að líða.

Tómas Guðbjartsson
Sigmundur Ernir Rúnarsson



**1. Grænihryggur**
Margir telja Torfajökulssvæðið sunnan Landmannalauga fegursta stað Íslands. Þar er að finna bogformað Jökulgil sem umkringt er sundurskornum líparítfjöllum í öllum regnbogans litum. Innar leynast svo gullmolar eins og Grænihryggur, og framan við hann ljósi Kanilhryggurinn og brúnsvart Lakkrísstígvélið, bergstandur sem minnir á súkkulaði með lakkrísbitum. Ganga á Grænahrygg tekur þrjá tíma frá skála Ferðafélags Íslands í Landmannalaugum. MYND/ÓLAFUR MÁR



**2. Múlagljúfur**
Þetta stórkostlega mosavaxna árgljúfur felur sig í sunnanverðum Öræfajökli, skammt frá Kvískerjum. Það er tvímælalaust á meðal snotrustu staða á Íslandi og er klárlega náttúruperla á heimsmælikvarða. Innst í gljúfrinu er Múlafoss í Múlaá en neðar steypist ofan í það 117 metra hár foss sem heitir Hangandifoss. Fossatvennan með mosavaxið gljúfrið í forgrunni og Rótarfjallshnjúk í baksýn er snotur hönnun og þarna hefur skaparinn greinilega átt góðan dag. MYND/TG



**3. Stórurð**
Einmuna veðurblíða á Austurlandi síðastliðið sumar varð til þess að óvenjumargir lögðu leið sína í Stórurð, en hún kúrir í kjöltu Dyrfjalla norðan Egilsstaða. Velja má um nokkrar auðveldar gönguleiðir að risavöxnum klettum Stórurðar, sem helst minna á mosavaxnar íbúðablokkir sem fljóta á sérkennilega sægrænu jökulvatni. Í baksýn blasa við tíguleg Dyrfjöllin með hæsta tindinn Súlu í 1.126 metra hæð, en dyrnar eru 700 metra breiðar. MYND/SIGTRYGGUR ARI



**4. Geldingadalir**
Eftir tæplega 800 ára goshlé á Reykjanesskaga var boðið upp á sannkallaða flugeldasýningu þegar gos hófst í Geldingadölum í mars. Gosið varði í rúmlega hálft ár, og þótt ekki teldist það með stærstu jarðeldum þá var það einkar tilkomumikið og auðvelt að komast að því fótgangandi. Meirihluti Íslendinga og tugir þúsunda ferðamanna gátu því séð gosið í návígi og fundið jörðina skjálfa og drynja undir fótum sér, svo og hitann í kinnum frá spúandi landi. MYND/TG






**5. Dynjandi**
Dynjandi hefur löngum talist til fegurstu og tilkomumestu fossa landsins og er sannarlega ein helsta náttúruperla Vestfjarða – og raunar stærsta vatnsfallið á kjálkanum. Með opnun Dýrafjarðarganga haustið 2020 varð loksins kleift að sækja þennan magnaða foss heim að vetrarlagi og dást að voldugri klakabrynjunni sem fer svo vel við snævi þakta klettana í kring. Dynjandi er nákvæmlega 100 metra hár og rennur samnefnd á ofan af Dynjandisheiði í Arnarfjörð. MYND/PÁLL STEFÁNSSON



**6. Drangaskörð**
Jörðin Drangar með sínum stórkostlegu Drangaskörðum var gerð að friðlandi undir loks ársins og er hún sú fyrsta sem friðuð er sem óbyggð víðerni. Ferðalag til þessarar einstöku náttúruperlu, hvort heldur er gangandi eða á báti, er ógleymanleg upplifun, ekki síst þegar þrætt er í gegnum skörðin líkt og tannþráður í skolti risaeðlu. Þar er upplagt að leggjast niður og njóta um stund, en fuglarnir allt í kring eiga það til að stinga sér niður eins og orrustuþotur. MYND/TG



**7. Núpsstaðaskógur**
Sannarlega er hér kominn einn af fegurstu skógum landsins sem felur sig í krika á milli Skeiðarárjökuls og fjalls norður af Lómagnúp sem heitir Björninn. Eftir að Súla breytti farvegi sínum í Gígjukvísl í stað Núpsár er auðvelt að komast inn í Núpsstaðaskóg á óbreyttum jeppa. Þarna er frábært tjaldstæði sem skartar snotrum fossum sem nýta má sem útisturtu að lokinni göngu á Súlur eða að Tvílitahyl sem hvorutveggja eru einstakir áfangastaðir sem gleðja augað. MYND/ÓLAFUR MÁR



**8. Rauðauga**
Þessi snotra lind er skammt frá Dómadalsleið að Fjallabaki og státar ekki aðeins af rauðum augnbotni heldur einnig mögnuðu umhverfi allt um kring. Úr auganu, sem glápir beint og óvænt upp úr jörðu, rennur tær Rauðufossakvísl sem endar í stórkostlegum Rauðufossum, einum fimm kílómetrum neðar. Gaman er að ganga meðfram ánni að Auganu, en þar sem gróður er sérlega viðkvæmur á þessum slóðum er brýnt að halda sig ávallt við göngustíga. MYND/TG



**9. Gengissig í Kverkfjöllum**
Annar af tveimur sigkötlum í Kverkfjöllum í norðanverðum Vatnajökli er náttúrulegt Gengissig sem myndaðist við jarðhræringar árið 1959. Það tekur stöðugum breytingum á milli ára, en síðastliðið sumar var það sérlega tilkomumikið, enda hafði lónið þá nánast tæmst. Eftir sátu ísjakar sem flugu um á blágráu vatni sem hrikalegir ísveggir hringuðu sig um. Ekki er ráðlegt að ganga að Gengissigi nema í góðu veðri, vel búinn, en gangan þangað tekur tíu tíma. MYND/SIGTRYGGUR ARI



**10. Lónsöræfi**
Af mörgum talið eitt stórkostlegasta göngusvæði landsins, hvort sem gengið er ofan af Eyjabökkum eða af bílastæðinu á Illakambi inn af Lóni. Fjölmargir lögðu leið sína í Lónsöræfi í sumar, enda veðurblíðan fyrir austan með eindæmum. Fáir staðir á landinu geta státað af annarri eins litadýrð, hvað þá í nálægð jökla, jökuláa og birkiskógar frá landnámi. Einn tilkomumesti staður Lónsöræfa er Tröllakrókar sem eru óviðjafnanleg og viðfeðm bergrisaröð. MYND/ÓLAFUR MÁR




Eimskip óskar landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar
á komandi ári með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

EIMSKIP



Engar áramótabrennur verða á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ríkir mikil samstaða hjá almannavarnanefndum landsins og langflestar áramótabrennur hafa verið blásnar af. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Opnunartímar yfir áramót

**Slysa- og bráðamóttaka Landspítala í Fossvogi**
Opið allan sólarhringinn, alla daga. Aðalsímanúmer Landspítala: 543-1000.

**Eitrunarmiðstöð**
543-2222.

**Læknavaktin Móttaka í Austurveri**
Opið 09.00–23.30.
Símaráðgjöf fyrir allt landið er opin allan sólarhringinn, s. 1770 og s. 1700.

**Rauði krossinn**
1717 er hjálparsími Rauða krossins og verður opinn allan sólarhringinn.

**Neyðarvakt tannlækna á höfuðborgarsvæðinu**
Opin frá klukkan 10–12 frá 31. desember til 2. janúar. Sími: 426-8000.

**Neyðarlínan**
Neyðarsíminn 112 er opinn allan sólarhringinn yfir hátíðirnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

**Dýralækningamiðstöðin Grafarholti**
**Gamlársdagur**
Opið 8–12.
Ef um alvarleg neyðartilfelli er að ræða, utan opnunartíma, er hægt að ná í dýralækni á bakvakt. Bakvaktin er einungis hugsuð fyrir alvarlega veik eða slösuð dýr. Útkallið kostar um 35.000 krónur, sem bætist við almennt aðgerðagjald.
Símanúmer hjá dýralækni á bakvakt er 530-4888.

**Kvennaathvarfið**
Opið allan sólarhringinn, alla daga. Kvennaathvarfið í Reykjavík, sími: 561-1205.
Kvennaathvarfið á Norðurlandi, sími: 561-1206.

**Apótek**
**Lyfja**
**Gamlársdagur**
- Opið 9–12: Reykjanesbæ, Skeifunni, Setbergi, Spönginni, Árbæ, Garðatorgi, Grafarholti, Hafnarstræti, Mosfellsbæ, Selfossi, Akureyri.
- Opið 10–12: Hólagarði, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Patreksfirði, Ísafirði, Búðardal, Hvammstanga, Sauðárkróki, Blönduósi, Húsavík, Mývatni, Kópaskeri, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Höfn, Grindavík, Nýbýlavegi.
- Opið 10–14: Netspjall, Lyfjuappið.
- Opið 8–18: Smáratorgi, Lágmúla.
- Opið 8–15: Granda.
- Opið 10–13: Smáralind.

**Nýársdagur**
- Opið 12–16: Netspjall, Lyfjuappið.
- Opið 10–24: Lágmúla, Smáratorgi.

**Apótekarinn**
**Gamlársdagur**
- Opið 8–18: Austurveri.
- Opið 9–12: Glæsibæ, Skipholti, Mjódd, Höfða, Hamraborg, Salavegi, Mosfellsbæ, Keflavík, Fitjum, Hafnarstræti Akureyri, Dalvík, Hellu.
- Opið 9–12.30: Fjarðarkaupum.
- Opið 10–12: Eiðistorgi, Vallakór, Helluhrauni, Akranesi, Hrísalundi, Hveragerði, Hvolsvelli, Vestmannaeyjum.

**Nýársdagur:**
- Opið 9–24: Austurveri.

**Lyf og Heilsa**
**Gamlársdagur**
- Opið 8–13 Granda.
- Opið 10–13 Kringlunni.
- Opið 9–13 Firði.
- Opið 10–12 Glerártorgi.

**Nýársdagur**
- Lokað.

**Sundlaugar**
**Gamlársdagur**
- Opið 8–11.30: Þingeyri.
- Opið 8–12: Eskifirði, Norðfirði, Sundlaug Kópavogs, Versölum, Borgarnesi.
- Opið 8–13: Lágafellslaug, Varmárlaug.
- Opið 6.30–11.30: Álftaneslaug, Keflavík, Ásgarði.
- Opið 6.30–13: Árbæjarlaug, Ásvallalaug, Breiðholtslaug, Dalslaug, Grafarvogslaug, Laugardalslaug, Sundhöllinni, Suðurbæjarlaug, Vesturbæjarlaug.
- Opið 10–13: Klébergslaug, Húsavík.
- Opið 8–12.30: Seltjarnarneslaug.
- Opið 9–12: Hofsósi, Laugum Reykjadal, Sauðárkróki, Hveragerði, Flateyri, Hólmavík, Suðureyri, Sundhöll Ísafjarðar.
- Opið 06.45–12: Hornafirði, Akureyri.
- Opið 8–11: Dalvík, Hvolsvelli, Hellu, Vestmannaeyjum, Akranesi.
- Opið 10–12: Ólafsvík, Þelamerkurlaug, Stokkseyri, Þorlákshöfn, Patreksfirði, Ólafsvík, Stykkishólmi.
- Opið í Secret Lagoon frá 13–18 og í Fontana frá 11.30–16.

**Nýársdagur**
- Allar laugar lokaðar.
- Opið í Secret Lagoon frá 13–19 og Fontana 11.30–21.

**Strætó**
**Gamlársdagur**
Ekið verður samkvæmt laugardagsáætlun en auka ferðum bætt við um morguninn. Ekið verður til ca. 15.00.
**Nýársdagur**
Ekið verður samkvæmt sunnudagsáætlun.

**Strætó á landsbyggðinni**
**Gamlársdagur**
Leiðir 51, 52, 55, 57, 88 og 89 aka samkvæmt laugardagsáætlun til hádegis, eða sem því næst.
**Nýársdagur**
Enginn akstur.



Flestar sundlaugar eru opnar að einhverju leyti í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


NORÐURÁL
Gleðilega hátíð!
Við höfum nú í hartnær aldarfjórðung nýtt umhverfisvæna raforku landsins til þess að búa til hreint og endurnýtanlegt ál. Álið er notað til þess að létta farartæki og umbúðir, aftur og aftur, um allan heim. Þannig nýtist íslensk orka til þess að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Við erum stolt af því að vera traustur hluti af íslensku atvinnulífi og hlökkum til nýrra tíma.
Við óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar.
Hreint ál úr íslenskri orku
nordural.is

# Spurningar



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb
@frettabladid.is

Um áramót er til siðs að líta um öxl og gera upp árið sem er að líða. Þá er um leið ágætt að spyrja hvað hefði átt að gera betur. Hér skal því haldið fram að þjóðin hefði átt að vera iðnari að spyrja yfirvöld, stjórnvöld og sótttvarnayfirvöld krefjandi spurninga.

Í langan tíma höfum við vegna farsóttar búið við höft sem takmarka mannréttindi fólks, hafa alvarlegar efnahagslegar afleiðingar og valda kvíða og ótta. Þetta getur hvorki talist eðlilegt né farsælt. Það má vissulega venjast höftum, jafnvel svo mjög að litið sé á þau sem nýjan veruleika sem verði að lifa við. Það ótti sem stjórnar slíkri hugsun, sem er því miður orðin of áberandi íslensku samfélagi. Það væri verulega óhuggulegt ef hún yrði allsráðandi.

Það er ætíð mikilvægt að gefa gagnrýninni hugsun rými. Það á ekki að gera lítið úr henni og alls ekki stimpla hana sem óviðeigandi eða ótímabæra. Á tímum heimsfaraldurs með tilheyrandi höftum er einmitt brýn þörf á gagnrýninni hugsun. Það má ekki verða svo að það teljist fullkomlega eðlileg viðbrögð að kinka samþykkjandi kolli í hvert sinn sem stjórnvöld takmarka rétt okkar og boða ný höft. Við verðum að halda vöku okkar. Yfirvöld eru ekki alvitur og þótt þau séu, skulum við ætla, vel meinandi þá á það ekki að nægja til að við högum okkur eins og hlýðin hjörð sem gengur auðsveip í þá átt sem henni er bent að fara. Ef við temjum okkur hjarðhugsun þá geta yfirvöld auðveldlega gengið á lagið. Þá skiptum við sem einstaklingar ekki lengur máli heldur erum við hópur sem lætur auðveldlega að stjórn. Samfélög sem hafna einstaklingum og afneita réttindum þeirra finnast á jarðarkringlunni. Þaðan fáum við reglulega hrollvekjandi fréttir sem eiga að vera okkur víti til varnaðar

Hér skal þeim þakkað sem á tímum farsóttar hafa spurt krefjandi og óþægilegra spurninga. Þar á meðal eru stjórnmálamenn, sem reyndar eru flestir úr sama flokknum. Hver skyldi vera skýringin á því? Oft hafa þeir einstaklingar sem sett hafa spurningarmerki við harðar aðgerðir fengið yfir sig skammardembur fyrir að reyna að rjúfa það sem kallað er „nauðsynleg samstaða þjóðarinnar“. Þeir hafa jafnvel verið kallaðir öllum illum nöfnum. Æ fleiri eru þó farnir að virða þá sem standa mannréttindavaktina á tímum þegar við megum alls ekki gleyma því að við erum frjálsir einstaklingar en ekki eign yfirvalda.

Gleðilegt ár, kæru landsmenn! ■

> „Hér skal þeim þakkað sem á tímum farsóttar hafa spurt krefjandi og óþægilegra spurninga.

## Halldór




## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

**Þórólfskúlan**
Líklega er það ein af síðustu glötuðu hugmyndum ársins að safna saman öllum kórónaveirusmituðum Íslendingum undir sama hvolf eða kúlu, svona eitthvað í áttina að Truman-bíómyndinni hans Jims Carrey (á íslensku, Þórólfskúlan), sem hinir heilbrigðu gætu svo horft á yfir áramótin, en hér yrði um liðlega fimmtán þúsund manna samkomu að ræða, svona álíka stóra og Þjóðhátíðin í Eyjum – og er ekki að ætla annað en hópurinn hafi um eitthvað sameiginlegt að ræða. Hugmyndin er í anda þess fordæmalausa ómöguleika sem hefur blasað við landsmönnum í tæp tvö ár – og reynst hefur glataður veruleiki.

**Ragnar**
Það er alveg í anda samhengislausrar samfélagsumræðu á Íslandi, þar sem ýmist er slegið úr og í, af og til, en þó helst ekki oftar, að allt sé í stakasta lagi með að einkaklíníkur úti í bæ veiti opinberu heilbrigðiskerfi aðstoð, svo sem núna við smitrakningar, en sami gjörningur skuli ekki kallast neitt annað en tabú af tagi landráðahugsunar þegar til tals kemur að einkastofurnar stytti biðlistann á bæklunarskurðdeild ríkisins. Spurning hvort Ragnar Reykás eigi að vera á næsta 50 þúsund kalli. ■

# Farsæld á nýju ári



**Katrín Jakobsdóttir**
forsætisráðherra

Önnur áramót í faraldri eru runnin upp og landsmenn allir orðnir lúnir á veirunni skæðu. En þrátt fyrir bakslag skulum við hafa hugfast að margt hefur gengið okkur í haginn í þessari baráttu. Bólusetningar hafa gengið vel og veita góða vörn gegn alvarlegum veikindum. Samstaða hefur verið um að leggja traust á vísindin og setja líf, heilsu og velferð í forgrunn. Markvissar stuðnings- og vinnumarkaðsaðgerðir stjórnvalda og fjárfestingar sem leggja munu grunn að verðmætasköpun til framtíðar hafa skilað sér í mun betri stöðu efnahags- og atvinnulífs en útlit var fyrir framan af.

Sú mikilvæga pólitíska ákvörðun var tekin að þrátt fyrir umtalsverðan halla á ríkissjóði myndum við standa vörð um þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað innan heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfis á undanförnum árum. Við höfum alla burði til að vaxa til aukinnar velsældar með aukinni áherslu á verðmætasköpun nýrra tíma. Velsældarmælikvarðar munu mæla lífsgæði og hagsæld í mun víðara samhengi en hinn hefðbundni mælikvarði landsframleiðslu og hagvaxtar og velsældaráherslur birtast í fjármálaáætlun stjórnvalda.

Við munum efla verðmætasköpun með því að halda áfram að efla og styrkja umhverfi rannsókna, nýsköpunar og skapandi greina og búa til jarðveg fyrir nýjar grænar atvinnugreinar sem byggjast á hugviti og tækniþróun. Mikil sóknarfæri eru í eflingu innlendrar matvælaframleiðslu og þar er fjölbreytni lykilatriði. Ferðaþjónusta, margar þjónustugreinar og skapandi greinar hafa orðið fyrir þungu höggi vegna heimsfaraldurs og stjórnvöld munu áfram styðja við þær.

Velsæld og verðmætasköpun munu verða grunnstef í öllum okkar aðgerðum gegn loftslagsvánni sem eru græni þráðurinn í allri stefnumótun stjórnvalda. Það þýðir að aðgerðir munu byggja á jöfnuði og réttlátum umskiptum og hugvit og þekking verða nýtt til hins ítrasta til að ná árangri í stærsta viðfangsefni alls mannkyns. Þar á Ísland að skipa sér í fremstu röð með metnaðarfullum og raunhæfum markmiðum sem skila raunverulegum árangri.

Ég óska landsmönnum öllum farsældar á nýju ári. ■

> „Við höfum alla burði til að vaxa til aukinnar velsældar með aukinni áherslu á verðmætasköpun nýrra tíma.




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Árið sem átti að vera öðruvísi

## Í dag

Guðmundur Steingrímsson

Tvöþúsundtuttuguogeitt. Þetta er árið sem átti svo innilega að vera allt öðruvísi. Þetta er árið sem fór á annan veg. Þetta ár er einn sterkasti vitnisburður þess fyrr og síðar að við mannfólkið erum föst í eilífðaróvissu og yfirgripsmiklu vitneskjuleysi um það hvað framtíðin ber yfirleitt í skauti sér. Við vitum ekki baun. Í upphafi ársins blöstu hlutirnir við, kristaltærir. Bóluefnin komu. Umræðan var glaðhlakkaleg: Yrði þjóðin ekki bara bólusett í einu lagi, á einni viku í Höllinni? Myndu Kári og Þórólfur ekki bara redda dil við Pfeiser og málið dautt? Lærðar greinar voru skrifaðar um siðferðilega þýðingu þess í samfélagi þjóðanna að Íslendingar færu fram fyrir röð í bóluefnabiðinni. Flestum var sama. Bara ljúka þessu af. Það var stemningin.

Ætli lærdómur ársins sé ekki hið klassíska og fornkveðna, og leiðinlega sanna og klisjukennda viðkvæði, hvíslað af reynslu árþúsundanna af fúllyndri vissu og vonbrigðum yfir því að við skulum virkilega aldrei ætla að læra þetta: Þolinmæðin þrautir vinnur allar. Allt tekur tíma. Maður verður víst að sýna þolgæði. Bíða. Sjá.

Allt í lagi þá. Á einhvern hátt verður maður kannski að reyna að sjá fyndnina í því að í lok ársins sem við ætluðum að losna við Covid úr okkar lífi eru Covid-smit í landinu í svo miklum vexti og í svo miklu hámarki að það er ekki hægt að lýsa því öðruvísi en að skíturinn sé gjörsamlega farinn í viftuna. Fólk fær Covid á leiðinni frá útidyrahurðinni í bílinn sinn þótt það sé stormur. Covid er undir rúminu, kemur niður strompinn, smokrar sér inn um skráargöt, dvelur í hárinu og bíður í innanverðum grímunum. Það er önnur hver manneskja heima á náttfötunum. Fólk er að verða búið með Netflix.

Ef einhver hefði sagt í upphafi þessa árs að svona myndi þetta vera í lok ársins hefði sá hinn sami verið opinberlega keflaður og bundinn við staur í janúarrokinu á Lækjartorgi af æstum múg og hafður þar fram eftir ári. Notkun reiðikallaemoji hefði náð veldisvexti. Það nennti enginn að hlusta á neitt annað en það að þessi faraldur væri að verða búinn. Það kom ekkert annað til greina. Fólk gat bara steinþagað ef það vildi segja eitthvað annað en það.

Árið tvöþúsundtuttuguogeitt reyndist ár óskhyggjunnar. Þannig mun það geymast á harða diski sögunnar. Eftir situr maður örlítið hnípinn. Hugsi kannski. Undrandi. Alveg er þetta merkilegt. Spurningin er þessi: Getur maður á þessum tímapunkti, nú þegar næsta ár er um bil að ganga í garð, yfirleitt gert sér eitthvað í hugarlund um hvað gerist næst? Búist við einhverju? Gert áætlanir af viti? Eru einhver takmörk fyrir því hvað tilvistin getur trompað ímyndunaraflið? Verður tuttuguogtvö kannski árið þar sem skæður tölvuvírus opinberar leitarsögu og netskilaboð allra jarðarbúa frá upphafi internetsins, leyndar þrár og hugsanir milljarða netnotenda í einum allsherjar dómsdegi á sama tíma og allur Reykjanesskagi logar í eldgosum og fimmhundruðasti upplýsingafundur almannavarna hefst í Skógarhlíð með tryllingslegu taugaveiklunarhláturskasti út af því að síðasti ellilífeyrisþeginn í síðasta dalnum smitaðist loksins af síðasta afbrigðinu og hugsanlega megi því kannski vona að takmarkinu sé endanlega náð: Hjarðónæmi.

Það er orð samtímans. Fjársjóðurinn undir regnboganum. Leiðarljósið. Þangað stefnum við: Að einu allsherjar ónæmi okkar allra, að ástandi þar sem okkur öllum verður dásamlega leyfilegt að vera fullkomlega jafnmikið sama. Að við verðum ónæm hjörð.

Á sama tíma er ljóst að sjaldan hafa tímarnir jafnmikið krafist þess að við sem mannkyn séum einmitt hið gagnstæða. Alls ekki ónæm hjörð, heldur næm hjörð. Gagnvart aðsteðjandi verkefnum og hættum sem blasa við á tuttugustuogfyrstu öldinni, og líklega aldrei jafnmikið og nú, þarf allsherjarvakningu og einstakt sammannlegt hjarðnæmi fyrir því að lifnaðarhættir þurfa að breytast svo lífsskilyrðum mannkyns á jörðu verði áfram viðhaldið á elleftu stundu.

Þannig eru tímarnir einkennilegt sambland af vissu og óvissu. Sagan er gömul og ný: Á sama tíma og við vitum hvað þarf að gera, vitum við ekkert hvað gerist. Eftir stendur að lífið er nú meira fíaskóið. Bla, bla, bla, sagði Greta Thunberg í setningu ársins í raunsæju mati á stöðu mannkyns. Ár eins og þetta ætti að verða okkur öllum áminning um það hversu breysk, hversu fávís, hversu tilvistarlega spaugileg við erum, og hversu viðkvæm við erum í eðlislægri óskhyggju okkar, á sama tíma og árið verður okkur líka vonandi áminning um hitt: Hversu hugrökk, hversu seig, hversu úrræðagóð og hversu mögnuð við þurfum einmitt að vera, og erum.

Kveðjum hið liðna, fögnum lífinu, gleðjumst saman, njótum kræsinga og horfum á skaupið. Hlæjum.

Áfram veginn. *Gleðilegt ár!*




Símanúmer þjónustuvaktar er 516 6000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á veitur.is

VEITUR

# Endalokin sem aldrei urðu



Sif Sigmarsdóttir

Á stofugólfinu heima hjá mér hér í London liggur nú ferðataska. Hún hefur legið þar öll jólin og er full af sparifötum og óopnuðum jólagjöfum. Taskan er tákngervingur einnar hættulegustu goðsagnar samtímans.

Síðasta dag ársins 2020 taldi ég mig upplifa sögulok. Tveim vikum fyrr hafði mér borist tölvupóstur um að loka þyrfti skóla barnanna vegna fjölda kórónaveirusmita. Til að gera langa sögu stutta fékk fjölskyldan hvert sinn kórónavírusinn í jólagjöf. Jólapakkar voru pantaðir á internetinu ásamt súrefnismæli og líftryggingu. Hangikjötið var soðið en enginn fann af því bragð. Sjaldan hafði jólasöngur Svölu Björgvins „Ég hlakka svo til“ átt jafnvel við – það var langt að bíða og allir dagar voru lengi að líða.

En svo fór að fjölskyldan var heimt úr helju og sóttkví. Þegar nýtt ár gekk í garð með mótefnavottorði töldum við Covid-sögu okkar lokið. En árið 2021 reyndist ár endalokanna sem aldrei urðu.

**Hornsteinn tilverunnar**

Á gamlársdag verður þess minnst að þrjátíu ár eru liðin frá því að Sovétríkin hrundu. Í kjölfarið lýsti bandaríski stjórnmálafræðingurinn Francis Fukuyama yfir „endalokum sögunnar“. Fukuyama taldi að hugmyndafræðilegri þróun mannkynsins væri formlega lokið. Hið eina rétta stjórnarfar, hið vestræna lýðræði, hefði í anda náttúruvals Darwins orðið ofan á og bolað burt óæðri stjórnarháttum á borð við harðstjórn, einræði og kommúnisma. Annað kom þó á daginn.

Í vikunni gerði Hæstiréttur Rússlands elstu mannréttindasamtökum landsins að hætta starfsemi. Fáir halda því fram að vestrænt lýðræði hafi orðið næsta skref í þróun stjórnarhátta í Rússlandi eftir fall kommúnismans. Enn fyrirfinnast þó þau sem láta blekkjast af mýtunni um sögulok.

„Síðustu áramót áttu að vera upphaf nýrra tíma,“ ritaði Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir utanríkisráðherra í grein þar sem hún sagði



> „Almenn trú á sögulok veldur því að við teljum oftast ólíklegt að hætta steðji að þeim réttindum sem við njótum hverju sinni.

það óforsvaranlegt að takmarka frelsi fólks mikið lengur til að koma í veg fyrir álag á heilbrigðiskerfið vegna Covid. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskólaráðherra tók í sama streng og sagði „önnur sjónarmið en sóttvarnir þurfa að heyrast“.

Heimsfaraldurinn hefur afhjúpað óhugnanlega staðreynd. Leikreglur samfélagsins – réttindi, lög og reglur – eru ekki sá óhagganlegi hornsteinn tilveru okkar sem við héldum. Hver hefði ímyndað sér fyrir tveimur árum að yfirvöld gætu til að mynda skert ferðafrelsi fólks án minnsta fyrirvara?

Áhyggjur Þórdísar og Áslaugar geta verið réttmætar. Fátt er mikilvægara en að vera á varðbergi gagnvart stjórnvöldum sem hefta frelsi borgaranna. En ekki frekar en lýðræði er frelsi sögulok.

**Trump-ísk vending**

„Ríkinu er aðeins heimilt að skerða athafnafrelsi samfélagsþegns gegn vilja hans valdi hann öðrum tjóni með aðgerðum sínum,“ segir í bókinni Frelsið eftir breska heimspekinginn John Stuart Mill.

Hugmyndin hljómar einföld í orði. En eins og ljóst hefur orðið á árinu er hún öllu flóknari á borði. Hvort vegur þyngra: Mannslíf eða verg landsframleiðsla? Langlífi eldriborgara eða geðheilbrigði ungs fólks? Þorláksmessutónleikar Bubba eða fullt skólastarf í janúar?

Kreddukenndar upphrópanir um frelsi handa öllum, konum og köllum, eru til lítils þegar kemur að því að standa vörð um borgaraleg réttindi. Það er aðeins þegar við horfumst í augu við þá staðreynd að frelsið er jafnvægislist, jafnt á tímum heimsfaraldurs sem öðrum dögum, að hægt er að hámarka frelsi allra.

Sóttvarnaaðgerðir eru tímabundnar. Sé umræddum ráðherrum annt um almennt frelsi í landinu væri gagn að því að þær litu sér nær.

Almenn trú á sögulok veldur því að við teljum oftast ólíklegt að hætta steðji að þeim réttindum sem við njótum hverju sinni. En í þeirri blindu trú felst ein mesta ógn við lýðræði, mannréttindi og frjálslynt samfélag.

Árið 2021 átti sjálfsákvörðunarréttur kvenna yfir eigin líkama víða undir högg að sækja á Vesturlöndum. Útlit er fyrir að á næsta ári snúi Hæstiréttur Bandaríkjanna við fordæmisgefandi úrskurði Roe gegn Wade frá árinu 1973, sem bannar ríkjum að takmarka rétt kvenna til þungunarrofs.

Hvað finnst Þórdísi Kolbrúnu og Áslaugu Örnu um þá Trumpísku vendingu að flokksfélagi þeirra, sem kaus gegn frumvarpi Svandísar Svavarsdóttur um aukna heimild kvenna til þungunarrofs í fyrra, er nú orðinn dómsmálaráðherra í ríkisstjórn sem þær eiga sæti í? Hvernig rökstyðja þær andstöðu flokks síns við nýja stjórnarskrá sem styrkir frelsi og almenn borgararéttindi? Hvers vegna telja þær frelsi ráðandi afla trompa frelsi allra þegar kemur að eignarhaldi á auðlindum þjóðarinnar?

**Í flæðarmálinu**

Fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair, varaði við því á árinu að við létum glepjast af sagnaforminu í baráttunni við kórónaveiruna. „Eitt af því fáa sem við vitum fyrir víst um Covid er þetta: Sú von sem við bárum í brjósti í upphafi um að krísan kæmi til með að markast af skýrri byrjun, miðju og endalokum átti ekki við rök að styðjast.“

Fullviss um að Covid-sögu minni væri lokið keypti ég flugmiða heim til Íslands í fyrsta sinn síðan faraldurinn skall á. Ég hefði átt að vita betur. Sólarhring fyrir brottför fékk fjölskyldan kórónavírusinn í jólagjöf, öðru sinni. Enginn skiptimiði fylgdi.

Frelsi, lýðræði og áramót eru ekki sögulok; þau eru flæðarmál. Gárur gæla við fætur okkar þar sem fjarar út og flæðir að. Í hvert sinn sem við teljum okkur hafa fundið hinn eina rétta stað í fjöruborðinu ber að öldu sem rennbleytir buxnaskálmarnar svo enn á ný þurfum við að færa okkur um set.

Megi sjávargangur ársins 2022 verða ykkur hagstæður. ■

# Sýnum skattgreiðendum virðingu!



Thomas Möller
varaþingmaður Viðreisnar

Í fyrstu ræðu minni á Alþingi nýlega hvatti ég þingmenn til að sýna skattgreiðendum þessa lands meiri virðingu.

Við skoðun fjárlagafrumvarpsins sést hvað rekstur ríkisins er orðinn umfangsmikill, flókinn og dýr. Í fjárlögum er lítið fjallað um hagræðingu og einföldun ríkisrekstrar, ekkert um fækkun ríkisstofnana, lítið um sparnað í ríkisrekstri og útvistun verkefna til einkaaðila er ekki á dagskrá.

Ísland er þegar orðið háskattaríki í alþjóðlegum samanburði. Við erum næst-skattpíndasta þjóðin í OECD samkvæmt nýlegri frétt. Skatttekjur hins opinbera voru um 33% af vergri þjóðarframleiðslu árið 2018. Miðað við núverandi launahlutfall þýðir það að launþegar eru í raun að vinna næstum hálfan daginn bara fyrir sköttum.

Ríkisreksturinn er orðinn ósjálfbær og var það áður en til heimsfaraldurs kom. Þá má benda á að stjórnvöld fengu nýlega falleinkunn í umsögn fjármálaráðs í tengslum við fjármálastefnuna til næstu fimm ára. Aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart þeim vanda sem við blasir er verulegt áhyggjuefni.

Skuldahlutfall ríkissjóðs fetar kunnuglegar slóðir í frumvarpinu og vextir af skuldum ríkisins eru nú orðnir fimmti stærsti kostnaðarliður ríkissjóðs og er það mikið áhyggjuefni.

Nauðsynlegt er að grípa til aðhaldsaðgerða og sparnaðar í ríkisrekstri og það strax.

**Ef Ísland væri ehf.**

Ef ríkisreksturinn væri fyrirtækið Ísland ehf. væri stöðugt verið að leita leiða til hagræðingar í rekstri, sameiningar rekstrareininga, minnkunar yfirbyggingar og útvistunar verkefna. Ekkert slíkt er að finna í fjárlögum fyrir árið 2022.

Rekstrargjöld og fjárfestingar fyrirtækja eru grundvölluð á ítarlegri þarfagreiningu og kostnaðarmati. Á Alþingi varð ég vitni að kæruleysi og lausatökum við ákvarðanir um ríkisútgjöld og fjalla ég um nokkur dæmi í þessari grein.

Til að gæta sanngirni þá eru nokkrar tillögur í fjárlögum um umbætur í opinberum rekstri en ekki er tekið á neinum kerfisbreytingum sem lækka óseðjandi skattaþörfina.

Í fjárlagafrumvarpinu er sagt að vaxa eigi út úr vandanum með öflugu atvinnulífi. En samfara því vex yfirbygging ríkisins áfram.

**Ríkisstjórnin er komin langt frá ábyrgum ríkisrekstri**

Sérfræðingar efnahags- og fjármálaráðuneytis og Seðlabankans hafa varað við 7,2 milljarða útgjöldum vegna „Allir vinna“ verkefnisins. Samt er það samþykkt. Engin þarfagreining eða hagkvæmnismat fylgdi þessari ákvörðun. Um 1.000 heimili í landinu munu borga alla sína skatta í þetta verkefni á næsta ári. Þessi vinnubrögð eiga ekkert skylt við fagmennsku og aga.

Slæmt dæmi í fjárlögum er ráðstöfun um 500 milljóna króna í nýja streymisveitu ríkisins án nokkurs rökstuðnings eða greiningar. Verkefni sem einkaaðilar gætu hæglega tekið að sér.

Ríkisstjórnin sýnir versta fordæmið með því að bæta við tveimur ráðuneytum sem munu kosta yfir 300 milljónir á ári næstu fjögur árin. Þessi fjölgun ráðuneyta hefur engan tilgang annan en þann að fjölga ráðherrum svo valdahlutföllin milli stjórnarflokkanna haldist.

Þvílík sóun á skattpeningum almennings og virðingarleysi gagnvart skattgreiðendum!

**Óþörf yfirbygging**

Við erum að reka land sem er minna að íbúafjölda en fjöldi borga í Evrópu sem við þekkjum. Því er eðlilegt að spyrja hvort þörf sé fyrir alla þessa yfirbyggingu og stjórnunarkostnað við rekstur okkar litla lands.

> Við sýnum ábyrgð með því gæta hófsemi í útgjöldum og velta hverri krónu fyrir okkur áður en hún er innheimt sem skattar og gjöld hjá fólkinu og fyrirtækjunum í landinu.

Meginhlutverk hins opinbera er að veita íbúum landsins betri þjónustu og bæta rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja, enda byggist bati í ríkisfjármálum á því að fyrirtæki landsins hafi bolmagn til að vaxa, fjárfesta og skapa ný störf.

En ríkisstjórnin ætlar að reka áfram um 200 ríkisstofnanir og opinber hlutafélög. Mörg hundruð ráða og nefnda starfa áfram og á þriðja tug sendiráða um allan heim munu starfa óbreytt áfram. Fjöldi ríkisfyrirtækja mun áfram fá að standa í samkeppni við einkareksturinn, jafnvel með fjármuni frá ríkinu til að niðurgreiða samkeppni sína.

Ráðuneytin blása út og sem dæmi stofnaði þessi ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili 248 nýjar nefndir til viðbótar við allar þær sem þegar voru starfandi.

**Grunnþjónustan skiptir máli**

Allir íbúar landsins eiga að hafa aðgang að grunnþjónustu ríkisins og að lágmarks lífsviðurværi, jafnræði, öryggi og heilsa allra sé tryggð með opinberum útgjöldum. Þetta er kjarnastarfsemi ríkisins og hana ber að verja. En ríkið hefur tekið að sér hlutverk sem er komið langt fram úr þessari grunnþjónustu.

Það þarf hugsanlega að kenna ráðamönnum þjóðarinnar að segja stundum nei við nýjum útgjöldum. Það virðist vera of auðvelt að sannfæra þingið um aukin útgjöld og skattheimtu.

Ábyrg ríkisfjármál er málefni dagsins í dag. Við sýnum ábyrgð með því gæta hófsemi í útgjöldum og velta hverri krónu fyrir okkur áður en hún er innheimt sem skattar og gjöld hjá fólkinu og fyrirtækjunum í landinu.

Við þingmenn Viðreisnar munum sýna þessari ríkisstjórn öflugt og nauðsynlegt aðhald og sýna þannig skattgreiðendum á Íslandi fulla virðingu. ■



# Starfsfólk ISAL í Straumsvík óskar landsmönnum gleðilegs nýs árs og gæfu á komandi ári

Á nýju ári verða liðin 10 ár frá því við hófum framleiðslu á boltum úr áli. Frá þeim tíma höfum við flutt út vörur fyrir meira en 500 milljarða króna, greitt yfir 130 milljarða fyrir raforku hér á landi og 70 milljarða fyrir innlendar vörur og þjónustu.

Farsæll rekstur byggir fyrst og fremst á framúrskarandi starfsfólki þar sem jafnrétti og fjölbreytileiki eru höfð að leiðarljósi.

Starfsemi ISAL uppfyllir stranga staðla í áliðnaði sem staðfesta að við vinnum á ábyrgan og öruggan hátt með tilliti til umhverfis og nærsamfélags.

Kolefnisfótspor í framleiðslu ISAL í Straumsvík er með því lægsta sem þekkist í áliðnaði í heiminum – við stefnum ótrauð að kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.

RioTinto

# Félög geta opnað veskið á morgun

Fréttablaðið spáir í spilin um hvaða leikmenn muni skipta um félög í komandi félagaskiptaglugga. Helst eru það Aubameyang, Martial, Coutinho, Mbappe og Håland sem eru á vörum fótboltaáhugamanna í þeim vangaveltum.

hjorvaro@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Komandi félagaskiptagluggi í Evrópu hefst við sérstakar aðstæður þar sem leikmannahópar liðanna á Englandi eru þunnskipaðir vegna Covid-smita og meiðsla.

Því gæti verið að félög vilji bólstra leikmannahópa sína fyrir komandi átök en á sama tíma eru forráðamenn líklega ekki áfjáðir í að missa leikmenn úr sínum herbúðum.

Hinir nýríku í Newcastle United munu að öllum líkindum opna veski sitt og fjárfesta í leikmönnum til þess að freista þess að bjarga sér frá falli í ensku úrvalsdeildinni. Þá eru Katalóníumenn með nokkra leikmenn á brunaútsölu til þess að lappa upp á fjárhag sinn og Real Madrid er orðað sterklega við tvö af stærstu nöfnum heimsfótboltans.

Af íslenskum leikmönnum sem hafa helst verið í umræðu fjölmiðla um að færa sig um hefur Albert Guðmundsson verið orðaður við brottför frá AZ Alkmaar til Celtic, Rangers og Lazio. Þá hefur Jón Daði Böðvarssonar verið í frystikistunni hjá Millwall og er líklega spenntur fyrir því að komast þaðan sem fyrst.

Hvíslað hefur verið um heimkomu Hólmars Arnar Eyjólfssonar frá Rosenborg í Val. FH ku einnig hafa mikinn áhuga á kröftum Hólmars Arnar. Kolbeinn Sigþórsson er svo samningslaus eftir að hafa verið leystur undan samningi hjá Gautaborg. Fossvogurinn, hans heimahagar, er með opinn faðminn og Kári Árnason er líklega á fullu að reyna að sannfæra sinn fyrrverandi samherja í landsliðinu um að koma í uppeldisfélag sitt, Víking.

Fréttablaðið fékk stuðningsmenn nokkurra liða í ensku úrvalsdeildinni til að nefna þá leikmenn sem þeir teldu henta sínu liði og vildu bæta við hóp sinna liða í janúar. ■



Albert Guðmundsson hefur verið orðaður við Celtic, Rangers og Lazio. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Magnús Þór Jónsson — Liverpool

Liverpool týnir vanalega veskinu sínu 1. september ár hvert og grefur það upp í apríl ári seinna svo væntingarnar eru ekki miklar.

Það eru þrátt fyrir það tveir hlutir sem ég tel við þyrftum að bregðast við. Annars vegar þarf að styrkja breiddina í hægri bakverðinum. Það er langt síðan við sóttum mann til Southampton og ég tel að Kyle Walker Peters sé raunhæfur kostur í þá stöðu til að draga úr álaginu á Trent-Alexander Arnold.

Hins vegar þarf að bæta við einum sóknarmanni sem er tilbúinn í bardagann. Þar eru tvö nöfn í mínum kolli, annars vegar Lucas Ocampos hjá Sevilla sem er held ég hinn fullkomni Klopp-leikmaður, bæði í pressu og sem skorari.


Magnús Þór dreymir um að fá Kylian Mbappe í Liverpool.

Það hefur verið rætt um Raheem Sterling aftur heim og það væri líka ágætis kostur.

Draumurinn er að Kylian Mbappé komi í alvöru lið og búi til bestu framlínu í sögunni … en það verður bara næsta sumar.



Declan Rice er efstur á óskalista Tómasar Þórs.

## Tómas Þór Þórðarson — Manchester United

Manchester United þarf að ganga frá vandamálinu aftast á miðjunni hjá sér í janúar að mínu mati. Þess vegna þarf liðið helst að taka Declan Rice og Wilfred Ndidi þó það sé tæplega að fara að gerast í janúarglugga.

Þar ætti Declan Rice að vera skotmark númer 1, 2 og 3.

Ég var aðeins lengur að vera seldur á Rice heldur en aðrir en get viðurkennt að ég er algjörlega kominn á vagninn. Framfarir hans undanfarin misseri eru hreint magnaðar.

Rice er allt sem United þarf aftast á miðjuna. Hann er stór, sterkur, hefur mikla yfirferð, les leikinn vel, er leiðtogi og þá hafa tölur hans þegar kemur að sóknarleik bara farið upp á við.

Ef Rice er ekki falur ætti Ndidi að vera næsta skotmark. Það eru alls konar nöfn í umræðunni en Ndidi hefur sannað sig í ensku úrvalsdeildinni og tel ég hann henta best af þeim nöfnum. Algjör ryksuga aftast á vellinum.


Kieran Trippier er orðaður við Newcastle United.

## Jón Júlíus Karlsson — Newcastle United

Newcastle þarf 6-8 leikmenn í janúar til að eiga möguleika á að halda sér uppi. Eddie Howe þarf að horfa til leikmanna sem þekkja enska boltann enda liðið á leiðinni í erfiða fallbaráttu.

Kieran Trippier getur leikið báðar bakvarðarstöður. Reynslumikill í enska boltanum. Öflugur í vörn og sókn. James Tarkowski er góður miðvörður sem er að renna út á samningi í vor. Ekki verra að höggva skarð í herbúðir Burnley sem verður í fallbaráttu með Newcastle.

Marcelo Brozovic myndi læsa miðjunni hjá Newcastle. Alvöru stál frá Króatíu. Gini Wijnaldum þekkir Newcastle og enska boltann afar vel.

Liðið vantar framherja ekki seinna en strax. Oliver Giroud tikkar í öll réttu boxin. Þekkir deildina, er góður að halda uppi bolta og skorar mikilvæg mörk. Ousmane Dembele er svo heimsklassa leikmaður sem verður samningslaus í sumar. Getur bæði leyst framherjastöðuna og einnig leikið út á vængnum.


Lucas Digne er tilnefndur til þess að fylla skarð Chilwell.

## Jóhann Már Helgason — Chelsea

Það er krísa í vinstri vængbakverðinum þar sem Ben Chilwell er frá út tímabilið. Leikur Chelsea hefur farið versnandi eftir að Chilwell meiddist.

Efstur á blaði hjá Tuchel er Lucas Digne. Hann er franskur landsliðsmaður með mikil gæði þó hann hafi ekki verið merkilegur í ár. Hinn þýski Robin Gosens hjá Atalanta sýndi það svo á EM að hann er frábær vængbakvörður.

Ef meiðsli Reece James eru alvarleg þá væri gaman að sjá Tuchel sækja Adama Traore frá Wolves og smíða úr honum hægri vængbakvörð.



Það er tímaspursmál hvenær Håland fer frá Dortmund.

## Þorsteinn Hreiðar Halldórsson — Manchester City

Það væri fínt að fá Erling Braut Håland í framlínuna og svo kannski vinstri bakvörð til þess að bæta í flóruna þar.

Þar dettur mér helst í hug Alphonso Davis en ég hef svo sem litið pælt í þessu. Ég er með menn í vinnu við það.

## Einar Örn Jónsson — Arsenal

Maður er náttúrulega með tvo óskalista í gangi: annan raunhæfan og hinn algjörlega óraunhæfan.

Arsenal þarf nauðsynlega á framherja að halda eftir Aubameyang-vesenið. Það væri gríðarlega gaman að fá Vlahovic en ég tel það ósennilegt.

Calvert-Lewin myndi smellpassa í leikstíl Arteta Hann er ungur og enskur, sem passar fínt. Jonathan David frá Lille og Ivan Toney koma líka til greina.

Miðjumann vantar til að deila boltanum og keppa við Xhaka og Partey. Lokonga er á bekknum en er kornungur og að læra. Renato Sanchez hljómar mjög spennandi þar. Yves Bissouma er flottur spilari en hann er í vanda utan vallar.

Það vantar góðan hafsent og hægri bakvörð. Það var keypt í báðar stöður í sumar og það er því ekki ofarlega á listanum. Koma Christopher Nkunku og Saka Fofana myndi hins vegar gleðja mig sem og Matthijs de Ligt sem er þó algjörlega óraunhæft.

Svo eru ensku blöðin að bendla Coutinho, Isco og Asensio við Arsenal en það hljómar meira eins og umboðsmenn að pumpa upp sína menn.



Barcelona er með Philippe Coutinho á sölulista.

# Við erum til fyrir þig!

Í dag er mikilvægasti dagur ársins í starfi björgunarsveita landsins því að nú seljum við flugelda sem fjármagna megnið af okkar starfi á komandi ári. Án flugeldasölunnar getum við ekki sinnt þeim verkefnum sem okkur eru falin, en björgunarsveitir gegna mikilvægu hlutverki í almannavarnakerfi landsins.

Flugeldar eru vinsæl og skemmtileg vara sem orðin er mikilvæg hefð á flestum heimilum, vara sem við höfum selt í yfir 50 ár. Stöðugt er unnið að því að gera flugeldana betri og öruggari m.a. með því að taka úr þeim óæskileg efni.

Þegar mesta skothríðin gengur yfir getur magn svifryks farið yfir heilsuverndarmörk og hvetjum við því alla með viðkvæm öndunarfæri til þess að nota sérstakar rykgrímur. Gæludýraeigendur eru einnig hvattir til að huga vel að dýrum sínum og viljum við ítreka við fólk að meðhöndla flugeldana með varúð, fylgja leiðbeiningum og tryggja að allir noti flugeldagleraugu. Sýnum tillitsemi og skjótum flugeldum aðeins upp á gamlárskvöld.

Að lokum hvetjum við alla landsmenn til þess að fagna áramótum og kveðja þetta sérstaka ár með flugeldum. Við skorum á þig að versla við björgunarsveitirnar því þannig tryggir þú áfram öflugt starf okkar og um leið eigið öryggi.

## Fyrir okkur er þetta mikilvægasti dagur ársins.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG



✝

Ástkær sambýliskona mín,
móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Elín Helgadóttir**

Aflagranda 40,
Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar
á heimili sínu 26. desember.
Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 7. janúar kl. 13.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim
er vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.
Útförinni verður streymt á Streyma.is.

**Hans Kristinsson**
**Friðrik Þorbjörnsson Hulda Mjöll Hauksdóttir**
**Helgi Þorbjörnsson**
**ömmu- og langömmubörnin.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð
og vinarhug við fráfall

**Sjafnar Kristjánsdóttur**

læknis,

sem lést 19. nóvember síðastliðinn.
Sérstakar þakkir fá sr. Steinunn Arnþrúður
Björnsdóttir og Lára Bryndís Eggertsdóttir
organisti Neskirkju. Einnig Ásta S. Sigurðardóttir
og allt starfsfólk Vitatorgs fyrir ómælda hlýju og
framúrskarandi starf.

**Fríða Bonnie Andersen**
**Elísabet Kristjánsdóttir, Margrét Kristjánsdóttir**
**Bragi Kristjánsson, Bjarnfríður Árnadóttir**
**og fjölskyldur.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI
Síðan 1996

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar sé þess óskað


Jóhanna Eiríksdóttir


Sverrir Einarsson


Jón G. Bjarnason

Alúð • Virðing • Traust • Reynsla
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Við tökum vel á móti ástvinum*
*í hlýlegu og fallegu umhverfi*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | **utfor.is**
VIÐ ÞJÓNUM **ALLAN SÓLARHRINGINN**
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna

# Listasetur í Ártúnsbrekku

Höfuðstöðin er nýtt lista- og menningarhús staðsett í tveimur bröggum við Gömlu kartöflugeymslurnar í Ártúnsbrekku og opnar dyr sínar almenningi á sunnudag, 2. janúar.

arnartomas@frettabladid.is

Stofnendur eru listakonan Hrafnhildur Arnardóttir, einnig þekkt sem Shoplifter, og Lilja Hrönn Baldursdóttir, listrænn framleiðandi. Höfuðstöðin hýsir nú verk Hrafnhildar, Chromo Sapiens, sem var framlag Íslendinga til Feneyjatvíæringsins árið 2019.

„Ég var í sakleysi mínu að leita mér að vinnustofu til leigu á Íslandi til að búa til verk sem var aðeins stærra en kemst fyrir í miðlungs vinnustofu," segir Hrafnhildur sem fann braggana tvo til sölu á vefnum. „Ég hef horft á þá öfundaraugum í mörg ár og gengið með þá hugmynd í maganum að Feneyjaverkið ætti bara að eiga heima á Íslandi. Þá fæ ég þá hugljómun um að þetta væri einmitt draumastaðurinn fyrir Chromo Sapiens."

Hrafnhildur hringdi þá í Lilju sem sér um viðskiptahlið Shoplifter og er að eigin sögn ekki mikill áhættufíkill.

„Þetta var eiginlega of gott til að vera satt," segir Lilja og lýsir því að í hópfjármögnun á Kickstarter hafi safnast 13,5 milljónir til styrktar verkefninu. „Okkur tókst að festa kaup á húsnæðinu hið snarasta með aðstoð velunnara en þess utan erum við bara tvær að fjármagna þetta sjálfar þegar upp er staðið."


Hrafnhildur og Lilja í Höfuðstöðinni. MYND/AÐSEND

**Bogalaga hleðslustöð**

Hrafnhildur segir vera mikið fyrir skrítin hús, enda á hún kúluhús í Hvalfirðinum eftir Einar Þorstein.

„Ég er ansi heilluð af bogalögun og kann ekki vel við mig inni í kassanum greinilega," segir hún og bætir Lilja við að eitt og annað hafi komið upp eftir kaupin sem þurfti að bregðast við og leysa hafi þurft ýmsar gátur til að standast allar skoðanir og reglugerðir. Nú eru þær þó komnar með öll tilskilin leyfi.

Opnun Höfuðstöðvarinnar markar líka ákveðin tímamót en þetta er í fyrsta sinn á Íslandi sem kona opnar eigið menningarhús undir verk sín. „Söfn hafa verið nefnd eftir konum þeim til heiðurs, þó ekki í lifanda lífi," útskýrir Hrafnhildur. „Ég sá fyrir mér að þetta væri samkomustaður og að hér yrði fjölnota rými þar sem fólk gæti staldrað við og notið sín við rætur Elliðaárdals en einnig er í boði að leigja salinn til einkanota og á dagskrá er að hafa hér alls konar viðburði."

Lilja segir að til standi að gera Höfuðstöðina að áfangastað fyrir bæði Íslendinga og ferðamenn og þá hafi staðsetningin innan um náttúruna og út fyrir miðbæinn ákveðið vægi.

„Kannski er það vegna þess að fjölskylda mín býr hér í 110 en mér fannst svo við hæfi að vera hér," segir Hrafnhildur. „Það er eitthvað við verkið sem fær fólk til að koma aftur og aftur – það er eins og vellíðunar-hleðslustöð. Ég held að þetta hafi þurft að vera út af fyrir sig á dálítið skrítnum stað til að það fái að vera þessi önnur pláneta sem það er." ■



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Steinar Bragi Norðfjörð**

Stapavöllum 5, Njarðvík,

lést fimmtudaginn 16. desember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hafdís Berg Sigurðardóttir**



✝

Elsku bróðir okkar, mágur og frændi,

**Hans Wíum Ólafsson**

lögfræðingur,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans
þriðjudaginn 21. desember.
Í ljósi aðstæðna mun jarðarförin
fara fram í kyrrþey.

**Eyjólfur Ólafsson Kirstine Ólafsson**
**Magdalena M. Ólafsdóttir Kristján Ásgeirsson**
**Gyða Ólafsdóttir Kjartan Sigurðsson**
**og frændsystkini.**



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Kristjana Kristjánsdóttir**

sjúkraliði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
mánudaginn 27. desember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Eva Sigurbjörnsdóttir Ásbjörn Þorgilsson**
**Árni Sigurbjörnsson Andrea J. Ísólfsdóttir**
**Jón Ingi Sigurbjörnsson Harpa S. Höskuldsdóttir**
**Kristján Sigurbjörnsson Anna Lísa Gunnarsdóttir**
**Margrét B. Sigurbjörnsdóttir Hermann Ó. Hermannsson**
**Anna Sigurbjörnsdóttir**
**Bjarney Sigvaldadóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**



✝

Ástkær eiginkona, móðir og
tengdamóðir,

**Ingibjörg Eggertsdóttir,**

kennari,
Jörundarholti 230, Akranesi,

lést í faðmi fjölskyldu á
líknardeild Landspítalans þriðjudaginn
28. desember sl. Bestu þakkir til starfsfólks líknardeildar
fyrir framúrskarandi störf. Útför verður auglýst síðar.

**Stefán Skjaldarson**
**Birta Stefánsdóttir**
**Gréta Stefánsdóttir**
**Rafn Kumar Bonifacius**



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Ingibjörg Garðarsdóttir**

Aðalgötu 6, Reykjanesbæ,

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð,
laugardaginn 25. desember.

Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju,
þriðjudaginn 4. janúar kl. 13.00.

**Jóhann Garðar Einarsson**
**Þorleifur Einarsson**



✝

Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Sigurðardóttir**

Litlakrika 2A, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum
mánudaginn 27. desember.
Útför hennar verður gerð frá
Fossvogskirkju miðvikudaginn 5. janúar klukkan 13.
Vegna samkomutakmarkana takmarkast fjöldi viðstaddra
við fjölskyldu, nána ættingja og vini. Streymt verður frá
athöfninni á www.vimeo.com/660972818.

**Vigfús Þorsteinsson**
**Þráinn Vigfússon**
**Þórunn Vigfúsdóttir Reynir Sigurðsson**
**Eiríkur Vigfússon Telma Halldórsdóttir**
**ömmu- og langömmuböm.**

# ALLT

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 31. desember 2021



Almenningur má ekki sprengja flugelda í Amsterdam lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Stafrænir flugeldar í boði

oddurfreyr@frettabladid.is

Í haust var ákveðið að banna flugelda í hollensku borginni Amsterdam um þessi áramót en til að bæta upp fyrir missinn bjóða góðgerðarsamtök fólki að kaupa stafræna flugelda.

Flugeldana er svo hægt að sjá með því að nota myndavélina á snjallsíma, en þá birtast þeir á skjánum eins og þeir séu á staðnum. Þetta byggir á sömu tækni og tölvuleikurinn Pokémon Go.

Auk þess verða haldnar hefðbundnar flugeldasýningar í öllum hverfum borgarinnar.

**Ekki umdeilt bann**

Allir geta keypt þessa flugelda og búið til stafræna flugeldasýningu heima fyrir eða utandyra. Það er ekki hægt að „sprengja“ flugeldana fyrr en í dag, en það er hægt að nota þá eins oft og fólk vill. Vörur eru á verðbilinu 5-50 evrur og allur ágóðinn fer til góðgerðarsamtaka sem framleiða hlífðarfatnað fyrir flóttamenn og heimilislausa.

Flugeldabannið var stutt af meirihluta borgarbúa í Amsterdam og þetta er annað árið í röð sem það er í gildi. Flugeldar valda mörgum meiðslum um hver áramót og banninu er ætlað að minnka álag á heilbrigðiskerfið, sem er sligað vegna Covid. Auk þess valda þeir álagi fyrir bæði menn og dýr og skapa mikla mengun og rusl. ■






# Leikbreytir í gjafakortum

Farsímaveskislausnir Leikbreytis eru bylting fyrir fyrirtæki sem gefa út gjafakort og inneignarnótur og um leið fyrir viðskiptavini þeirra. 2

Yngvi Tómasson, framkvæmdastjóri tæknifyrirtækisins Leikbreytis, segir mikil tækifæri felast í Farsímaveskislausnum fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




Tæknifyrirtækið Leikbreytir byggir á áratuga reynslu starfsmanna á sviði stafrænnar þróunar og almennrar fyrirtækjaþjónustu. Ein af nýlegri lausnum fyrirtækisins nefnist Farsímaveski Wallet sem gerir fyrirtækjum kleift að gefa út gjafakort og inneignarnótur í farsímann, bæði Apple Wallet og í Android, segir Yngvi Tómasson, framkvæmdastjóri Leikbreytis. „Þannig sér viðskiptavinurinn alltaf hvað hann á mikið eftir á kortinu og hægt er að senda honum áminningu um að nota kortið bæði almennt og háð staðsetningu.“

Hann segir fyrirtækið hafa þróað ýmsar sérlausnir á móti helstu bókhaldskerfum eins og Navision og DK sem oft halda utan um gjafakort, vildarklúbba og inneignarnótur. „Við gerum fyrirtækjum kleift að gefa allar inneignarnótur út í Farsímaveski sem og gjafakort. Eins höfum við þróað lausnir sem snúa að vildarkerfum, bæði punktasöfnun sem og lausnir um sérkjör eins og gömlu stimpilkortin sem bjóða upp á tíunda kaffibollann frían sem dæmi. Þetta er í raun heildarlausn þar sem færa má flest allt sem er gefið út í dag sem plastkort yfir í Farsímaveskið og bjóða upp á aukna virkni í leiðinni.“

**Fækka endurteknum verkefnum**

Sjálfur hefur Yngvi starfað í tæknigeiranum síðan hann var sextán ára og því hokinn af reynslu. Áhugi hans liggur þó aðallega í vöruþróun og að nota tæknina til þess að hjálpa fyrirtækjum á viðskiptamiðaðan hátt. Hann átti og rak um tíu ára skeið fyrirtækið Davíð og Golíat sem hann seldi árið 2017. Hann lýsir aðdraganda stofnunar Leikbreytis. „ Ég starfað hjá Nova samhliða því að stunda MBA-nám í HR eftir söluna. Á þessum tíma sá ég gríðarlega mörg tækifæri með nýrri tækni, fyrri reynslu og möguleika með nýjum verkfærum sem námið hafði veitt mér. Það varð í raun ekki aftur snúið og ákvað ég að fara á fullt í að undirbúa stofnun tæknifyrirtækis sem myndi bjóða upp á lausnir sem gætu aðstoðað stafræna vegferð fyrirtækja með áherslu á sjálfvirkni.“

Hann segir upplýsingatæknigeirann vera í raun mjög ungan enn og mikið af tækifærum sem felist í að bjóða fyrirtækjum upp á betri lausnir og betri þjónustu. „Lykilatriðið í öllum okkar lausnum er að finna ekki upp hjólið heldur samþætta lausnir sem eru til og búa til viðskiptamiðaðar vörur fyrir viðskiptavini okkar. Rauði þráðurinn í öllum okkar lausnum er að hjálpa fyrirtækjum að bæta þjónustu, auka sölu og fækka endurteknum verkefnum starfsmanna.“

**Engin útrunnin kort í skúffunni**

Yngvi segir ávinning verslunar vera mjög mikinn enda kannist flestir við að vera með skúffu heima hjá sér fulla af gjafakortum sem eru jafnvel útrunnin. „Með því að vera með gjafakortið í eigin síma og í síma makans eru töluvert meiri líkur á að þú notir það þar sem þú eða makinn eruð alltaf með það á ykkur. Eins eru fyrirtækin sem selja gjafakortin komin með tæki frá okkur til að minna fólk á að nota gjafakortin, bæði þegar stytt ist í að þau renni út og eftir staðsetningu þegar þú ert í nágrenni við verslanir þeirra. Auk þess sést alltaf í símanum hversu há upphæð er eftir á gjafakortinu.“

Þegar kemur að inneignarnótum og skilamiðum hafa fyrirtæki eins og S4S, sem reka Air, Steinar Waage, Ecco og fleiri verslanir, innleitt lausn frá Leikbreyti. „Þar eru allar inneignarnótur sendar í símann hjá viðskiptavinum í stað þess að fá strimil sem líklegur er til að eyðast eða týnast, eins og margir kannast vafalaust við.“

„Þetta er í raun heildarlausn sem má hugsa þannig að hægt er að færa flest allt sem er gefið út í dag sem plastkort yfir í Farsímaveskið,“ segir Yngvi Tómasson, framkvæmdastjóri Leikbreytis. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Mikill ávinningur**

Ávinningur fyrirtækja sem taka upp tæknina er ekki síður mikill, að sögn Yngva. „Fyrirtæki fá tækifæri til að auka þekkingu sína á viðskiptavinum sem eiga gjafakortin og fá um leið verkfæri til að vera í sambandi við þá, bjóða þeim ný tilboð og minna þá á að nota gjafakortin og inneignarnóturnar.“

Einnig geta fyrirtækin sent notendum sérstök skilaboð eftir staðsetningu, bæði út frá GPS og sérstökum búnaði sem er settur í verslanir og veitingastaði, sem gerir þeim kleift að senda mun hnitmiðaðri skilaboð á gjafakortshafa sem eru staddir þar. „Það er líka hægt að selja gjafakort á netinu og bjóða viðskiptavinum upp á að afgreiða sig sjálfa með kaupum á nýjum gjafakortum sem bæði er hægt að senda út rafrænt á þann sem á að fá gjafakortið eða prenta út og gefa með flösku eða konfektkassa. Lausnirnar okkar má einnig nýta til þess að gefa út viðbótar afsláttarmiða auk þess sem að bæði er hægt að nota Farsímaveskislausnina í hefðbundinni verslun og vefverslun, en oft er ekki hægt að nota gjafabréf og inneignir í vefverslunum. Grunnlausn okkar í Farsímaveskislausnum er í raun ekki bara hugsuð fyrir gjafabréf, vildarklúbba og inneignarnótur þótt það séu vissulega áherslur okkar 2022. Kerfið er fullbúið og tilbúið til að útbúa aðgangsmiða á viðburði, árskort, líkamsræktarkort og svo mætti lengi telja.“




Hér er gjafakort í farsímaveski, sem sýnir stöðuna á kortinu og strikamerki sem talar við gjafakortakerfi.

**Gleymd kort úr sögunni**

Yngvi sér fram á mjög mikinn vöxt næstu árin. „Við reiknum með að allir kaupmenn og fyrirtæki sem selja gjafakort muni færa sig yfir í svipaðar lausnir til að halda utan um gjafakort. Verslanir munu stórauka uppbyggingu vildarklúbba með þessum nýju lausnum og í raun verða allir kaupmenn að vera með í þessari þróun til að verða ekki eftir. Samkeppnin um viðskipti er ekki lengur bara innanlands heldur við netverslanir erlendis líka þar sem risar eins og Amazon nýta sér allar þær upplýsingar og tækni sem þeir hafa til að byggja upp viðskiptavild. Það verður einfaldlega krafa neytenda. Að gleyma Costco-kortinu heima, bensínlyklinum, gjafakortinu, starfsmannapassanum eða aðgangskortinu í sund mun heyra sögunni til því allt er í símann. Með heildarvöruframboði okkar hjálpum við fyrirtækjum að taka gjafakortasöluna og allt í kringum hana á annað stig og auka jafnframt alla sjálfvirkni í kringum sölu nýrra korta og í raun stuðla að umhverfisvænni lausn þar sem gjafakort eru ekki lengur gefin út sem plastkort.“

Nánari upplýsingar á leikbreytir.is.




Dæmi um inneignarnótu sem fólk fær beint úr kassakerfi S4S í stað þess að fá strimil sem eyðist eða týnist.

**18.30 Vatnaleiðin (e)** Gönguferð á Snæfellsnesið.
**19.00 Heima er bezt - Gunnsteinn Ólafsson (e)**
**19.30 Fríkirkjan í Reykjavík 120 ára**
**20.30 Vatnaleiðin (e)** Gönguferð á Snæfellsnesið.
**21.00 Heima er bezt - Gunnsteinn Ólafsson (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Tölukubbar**
**07.21 Kúlugúbbarnir**
**07.44 Poppý kisukló**
**07.55 Kátur**
**08.07 Stuðboltarnir**
**08.18 Konráð og Baldur**
**08.31 Hvolpasveitin**
**08.53 Skotti og Fló**
**09.00 Unnar og vinur**
**09.23 Múmínálfarnir**
**09.45 Grettir**
**09.56 Eldhugar**
**10.00 Palli var einn í heiminum**
**10.25 Hundahótel**
**12.05 Nýjasta tækni og vísindi**
**12.35 Sannleikurinn um útlitið**
**13.25 Kappsmál**
**14.30 Menningarannállinn**
**15.00 Saga Borgarættarinnar**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Stundin okkar**
**18.30 Hnappheldan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Manneskja ársins 2021 Okkar á milli** Sigurlaug Margrét Jónasdóttir ræðir við manneskju ársins 2021.
**20.15 Hvunndagshetjur** Hafþór Gestsson starfaði sem fangavörður í nær fjóra áratugi og hafði áhrif bæði á fanga og aðra fangaverði með einstakri nærveru og sýn sinni á starfið. Helga Rósa Hansdóttir hefur starfað sem sjúkraliði á vökudeild í rúma þrjá áratugi. Þar hefur hún veitt hræddum og örþreyttum foreldrum fyrirbura og viðkvæmum nýburum ómælda stuðning.
**20.50 Nýr dagur í Eyjafirði** Íslensk stuttmynd, byggð á samnefndu ljóði eftir Dóra DNA, um Aron, sem er á fimmtugsaldri, og hvernig hann tekst á við erfiða lífsreynslu með því að máta sig við staðalímyndir og karlmannlegar klisjur.
**21.10 Verbúðin** Verkfall
**22.00 Ölgandi heimur World on Fire**
**23.00 Ég man þig**
**00.45 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**08.20 The Open Championship** Útsending frá Opna breska meistaramótinu 2021
**15.20 The Open Championship**
**18.55 The Open Championship**

## Sjónvarp Símans

**08.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum - ísl. tal**
**09.55 Nonni norðursins - ísl. tal**
**11.45 Top Chef**
**12.30 The Bachelorette**
**14.00 The Bachelorette**
**15.30 A.P. BIO**
**16.25 Grease** Söngleikur sem fjallar um ástfangna unglinga á sjötta áratug síðustu aldar. Sögusviðið er Kalifornía árið 1959 og töffarinn Danny Zuko og hin ástralska Sandy Olsson verða ástfangin.
**18.10 Stefán Hilmars 50** Upptaka frá afmælistónleikum Stefáns Hilmarssonar en hann fagnaði 50 ára afmæli árið 2016.
**19.10 The Block**
**20.40 Notting Hill**
**22.50 City on a Hill**
**23.40 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**00.25 Dexter**
**01.15 The Rookie**
**02.00 The Rookie**
**02.45 Clarice**
**03.30 Kielergata**
**04.15 Tónlis**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Hringsól** Í Noregi
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Á tónsviðinu**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Svona er þetta**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Bók vikunnar** Samastaður í tilverunni.
**11.00 Guðsþjónusta í Áskirkju**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**13.00 Ritþing með Braga Ólafssyni**
**15.00 Ugla sat á kvisti. Móðuróður**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Úr tónlistarlífinu. Vetrarferðin**
**17.25 Orð af orði** Málfar og orð.
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Vargakallið. Smásaga**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Óskastundin**
**19.40 Í kaffi með séra Matthíasi**
**20.25 Róið í Jesú nafni**
**21.18 Gistiheimilið. Smásaga**
**21.35 Úr gullkistunni**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Mærin frá Orléans**
**23.10 Frjálsar hendur**
**00.00 Fréttir**

## Stöð 2 Bíó

**10.30 Juliet, Naked**
**13.00 Dolittle**
**14.45 The Night Is Young**
**16.10 Juliet, Naked**
**17.45 Dolittle**
**19.30 The Night Is Young**
**21.00 I Kill Giants**
**22.40 Cold Pursuit**
**00.35 What Happened to Monday**
**02.35 I Kill Giants**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.35 The Office**
**12.00 Nágrannar**
**13.05 Nágrannar**
**13.30 Jamie and Jimmy's Festive Feast**
**14.15 Mom**
**14.35 Lodgers For Codgers**
**15.20 Top 20 Funniest**
**16.00 Supernanny US**
**16.45 Fantasy Island**
**17.30 60 Minutes**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.40 Sportpakkinn**
**18.45 Ísland í dag**
**19.00 Flummurnar** Hörkuskemmtileg og fyndin, talsett teiknimynd frá 2021.
**20.25 Baklandið**
**20.50 Svörtu sandar** Aníta, þrítug lögreglukona, neyðist til að fara aftur á æskuslóðirnar sem hún flúði fyrir 14 árum. Uppgjör við móður hennar er óumflýjanlegt en líkfundur af ungri konu kollvarpar öllu.
**21.40 La Brea**
**22.25 War of the Worlds**
**23.20 Temple** Hversu langt erum við tilbúin að ganga fyrir ástvin okkar?
**00.05 Rebecka Martinsson**
**00.50 The Blacklist**
**01.30 The Office**
**01.50 Jamie and Jimmy's Festive Feast**
**02.40 Mom**
**03.00 Top 20 Funniest**

## Stöð 2 Sport

**08.00 Subway Körfuboltakvöld**
**09.00 Þór Þ. - Grindavík** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
**10.40 ÍR - Vestri**
**12.20 Stjarnan - Breiðablik**
**14.00 Subway Körfuboltakvöld**
**15.00 Haukar - Breiðablik** Útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
**16.40 Keflavík - Njarðvík**
**18.20 Subway Körfuboltakvöld**
**19.25 Keflavík - Njarðvík** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
**21.05 Subway Körfuboltakvöld**
**22.05 Foringjarnir - Jónas Þórhallsson**
**23.00 Íslandsmót félagsliða í pílukasti**

## Stöð 2 Sport 2

**07.00 Sheffield United - Middlesbrough**
**08.40 Bucks - Pelicans**
**10.35 Tenerife - Valencia Basket**
**12.15 The Fifth Quarter**
**12.30 Sheffield United - Middlesbrough**
**14.10 Bucks - Pelicans**
**16.05 Lokasóknin**
**17.10 NFL Gameday**
**17.40 NFL Extra**
**18.00 Bengals - Chiefs** Bein útsending frá leik í NFL.
**21.20 Cowboys - Cardinals** Bein útsending frá leik í NFL.
**01.05 Real Madrid - Barca**

# Mánudagur

## Hringbraut

**08.30 Fréttavaktin (e)** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Markaðurinn (e)** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
**09.30 Saga og samfélag (e)** Málefni liðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
**10.00 Kvennaklefinn (e)** Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
**10.30 Fréttavaktin (e)**
**11.00 Markaðurinn (e)**

## RÚV Sjónvarp

**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Fólkið í landinu** Jón Páll Halldórsson.
**13.30 Útsvar 2008-2009** Fljótsdalshérað - Vestmannaeyjar.
**14.30 Vesturfarar**
**15.10 Vísindin allt í kring**
**15.35 Veisla í farangrinum** Maryland.
**16.00 Símamyndasmiðir**
**16.40 Andri á flandri** Suðurland.
**17.10 Listin sprettur af lífinu sjálfu**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Lundaklettur**
**18.08 Litli Malabar**
**18.12 Poppý kisukló**
**18.23 Lestrarhvutti**
**18.30 Blæja**
**18.37 Nellý og Nóra**
**18.50 Vinsælustu lög Rásar 2** Erlend
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Hvað getum við gert?**
**20.15 Vestfjarðavíkingurinn** Keppni aflraunamanna á Vestfjörðum var haldin í júlí síðastliðnum, 29. árið í röð, og þar þreyttu sterkustu menn Íslands fjölbreyttar þrautir.
**21.10 Deig** (1 af 8) Sænsk spennuþáttaröð. Hið fullkomna líf Malou Sanders virðist vera á leiðinni í vaskinn. Hönnunarverslunin hennar er farin á hausinn og yfirvöld eru á hælunum á henni. Þegar allt virðist komið í þrot finnur hún óvænt tösku með 47 milljónum sænskra króna í reiðufé – en peningarnir eru ránsfengur og fleiri sem leita þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Eric Clapton. Lífið í tólf töktum**
**00.30 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**08.30 Ryder Cup 2021**
**15.30 Ryder Cup 2021**
**20.05 The Open Championship** Útsending frá Opna breska meistaramótinu 2021.

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.30 Solsidan**
**15.55 Solsidan**
**16.20 Solsidan**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 The Block**
**20.10 Top Chef**
**21.00 The Rookie**
**21.50 Looking for Alaska**
**22.40 Kielergata**
**23.25 The Late Late Show**
**00.10 Dexter**
**01.00 FBI. Most Wanted**
**01.45 The Good Fight**
**02.30 The Good Fight**
**03.15 Paradise Lost**
**04.00 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**05.05 Mærin frá Orléans**
**05.50 Frjálsar hendur**
**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Flugur** Hljómar í árslok 1968.
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Hringsól** Í Noregi.
**15.00 Fréttir**
**15.03 Orð um bækur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Í verum, seinna bindi; Sögulok**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**

## Stöð 2 Bíó

**11.05 Uncle Drew** Nokkrar af risastjörnum körfuboltans koma saman í þessari drepfyndnu mynd frá 2018.
**12.45 Love's Last Resort**
**14.10 Cats**
**16.00 Uncle Drew**
**17.40 Love's Last Resort**
**19.05 Cats**
**21.00 Pitch Perfect 2**
**22.50 Blindspotting** Collin þarf að komast í gegnum síðustu þrjá dagana á skilorðinu, til að eiga möguleika á því að byrja nýtt líf.
**00.20 Ben is Back**
**02.05 Pitch Perfect 2**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 The Mentalist**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Landnemarnir**
**10.05 Einfalt með Evu**
**10.30 MasterChef Junior**
**11.10 Nettir kettir**
**11.55 Um land allt**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 The Greatest Dancer**
**14.05 Víkingar. Fullkominn endir**
**14.50 Your Home Made Perfect**
**15.55 Insecure**
**16.25 The Goldbergs**
**16.50 Masterchef USA**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 The Great British Bake Off**
**20.15 Grand Designs**
**21.00 Temple**
**21.50 Anne Boleyn**
**22.50 60 Minutes**
**23.35 S.W.A.T.**
**00.15 Masterchef USA**
**00.55 Legends of Tomorrow**
**01.40 The Mentalist**
**02.20 Landnemarnir** Sagnaarfurinn. Kristján Már Unnarsson fjallar um sagnaarfinn í lokaþætti Landnemanna og gerir upp söguna.
**03.00 Nettir kettir**
**03.45 The Greatest Dancer**

## Stöð 2 Sport

**07.25 Jólamót Stöðvar 2 Sports í pílukasti**
**09.00 Subway Körfuboltakvöld**
**10.10 Haukar - Breiðablik** Útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
**11.50 Keflavík - Njarðvík**
**13.30 Subway Körfuboltakvöld**
**14.35 ÍR - Vestri** Útsending frá leik í Subway-deild karla.
**16.15 Keflavík - Njarðvík**
**17.55 Subway Körfuboltakvöld**
**19.00 Stjarnan - Njarðvík** Bein útsending frá leik í Subway-deild karla.
**21.00 Foringjarnir - Böðvar Guðjónsson**
**21.50 Seinni bylgjan - jólaþáttur**
**23.20 Stjarnan - Njarðvík**

## Stöð 2 Sport 2

**06.50 Sheffield United - Middlesbrough**
**08.35 Real Madrid - Barca**
**10.10 Raptors - Knicks**
**12.05 Leikur** Útsending frá leik í NFL.
**14.25 Football League Show**
**14.55 Swansea - Fulham** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**16.55 Sheffield United - Middlesbrough**
**18.35 Real Madrid - Barca**
**20.20 Valencia Basket - Gran Canaria** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
**22.05 Raptors - Knicks**
**00.00 Swansea - Fulham**



### Jarðeldar og skýfall

Jarðskorpan verður á mikilli hreyfingu allt næsta ár og enga spákerlingu í eigin föðurlandi þarf til þess að sjá fyrir frekari eldsumbrot á nýja árinu þótt þau muni láta bíða lengur eftir sér en margan grunar.

Sérfræðingar keppast við að spá eldgosi í nokkrum þekktum eldstöðvum á meðan jörð skelfur í langdreginni hrinu sem meira að segja Grindvíkingar munu hætta að kippa sér upp við áður en upp úr sýður.

Ekki þarf þó að hafa áhyggjur af skorti á náttúruhamförum 2022 þar sem veðurguðirnir munu aflýsa sumrinu með sturluðu vatnsveðri, því mesta í elstu kvenna minnum, sem geisar um landið allt.

Syndaflóð þetta skellur ekki síst harkalega á ríkissjóði sem þarf að bæta kartöflubændum algeran uppskerubrest þannig að Íslendingar þurfa að gera sér danskar kartöflur að góðu allan næsta vetur.

Sem er þó ef til vill ekki það versta þar sem fram sprettur **Ólafur Ragnar Grímsson** og heldur alþjóðlegu ráðstefnuna I told you so þar sem fæðuöryggi er í brennidepli. Hann segir síðan betur frá þessu í Kastljósi í október.

Jarðhræringasagan endalausa nær síðan loks hámarki þegar gríðarstór skjálfti ríður yfir á flekaskilunum á Þingvöllum með þeim afleiðingum að þeir færist nær hvor öðrum og Almannagjá og Silfra lokast. Ferðaþjónustan keppist við að fylla í skarðið fyrir Gullna hringinn og endar á að velja Kerið í þrenninguna. Skömmu síðar hefst leitin að áfangastað aftur þegar Kerið fyllist af túristarusli.

Ferðaþjónustan og kráareigendur í Reykjavík, með **Jóhannes Þór Skúlason** útskýrara í fylkingarbrjósti, sækja eðlilega fébætur til ríkisins enn fastar en áður en **Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra, sem að vísu heldur að hann sé forsætisráðherra, svarar því til að ekkert sé eftir í kassanum. Hann hafi verið tæmdur yfir kartöflubændur og Laugardalinn.



Vituð þér enn eða hvað? spyr völvan á enn einum áramótunum. Óvenju rám og geðstirð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Uppspuni frá Rótum sleginn af í blóðmerarpolli

Varla er hægt að tala um hlýlegar móttökur þegar völvan fékkst loks á Zoom-fund til að rýna þar í kristalskúluna, kíkja í bollann og stokka spilin. Nornin var í sínu allra versta skapi enda rétt byrjuð í fimmtándu sóttkvínni á árinu sem er að líða og illu heilli er útlit fyrir að fínu drættirnir sem hún sér 2022 verði tæpast miklu fleiri eða hressilegri en 2021.

Völvan hefur undanfarin tvö ár haft góðar gætur á Miðflokkshrossinu Uppspuna frá Rótum sem er, eins og frægt er orðið, undan Þvælu frá Upphafi og ekki laust við að hann hafi brokkað í nokkuð jöfnum takti við geðslag þjóðarinnar og tekist merkilega vel að kljúfa þann stríða straum mótlætis og ófara sem dunið hefur á landanum.

Því miður er ekkert í spilunum núna sem gefur tilefni til að ætla að harðindunum linni þar sem aftur mun gjósa, syndaflóði rigna, uppskeru bresta og harðna á Covid-dalnum ef eitthvað er.

Þá getur varla boðað gott að völvan sér þjóðargæludýrið, Uppspuna sjálfan, liggja í blóði sínu óbættan hjá garði. Til að bæta gráu ofan á blóðrautt munu bræður og systur berjast í borgum og bæjum þar sem gæludýrahald verður stórmál í hreppakosningum víðar en norðan heiða. Barnaskólar munu halda áfram að mygla í pólitísku moldviðri, draugahótelum fjölgar og ríkisstjórnin hangir á minnisleysi. Vituð þér enn eða hvað? ■

### Sögulegar ófarir

Vaxandi óþol gagnvart sóttvarnaaðgerðum, samkomubönnum og bólusetningum



Arnar Þór Jónsson, varasamur varaþingmaður og uppgjafahéraðsdómari

eflir fleirum en **Arnari Þór Jónssyni**, varasömum varaþingmanni og uppgjafahéraðsdómara, þrótt. Þannig festir hann sig í sessi með fastan, vikulegan smitréttarþátt á Útvarpi Sögu.

Þá snareykst hlustun á stöðina í takt við öfugsnúinn tíðarandann þannig að lengja þarf símatíma stöðvarinnar um tvær klukkustundir á dag þannig að opið verður fyrir símann frá klukkan níu til tvö sem dugir þó hvergi til að allir þeir innhringjendur sem finna sig knúna til að taka undir samsæriskenningar **Arnþrúðar Karlsdóttur** um tilraunabóluefni og hina miklu endurræsingu komist að.



Á meðan Útvarp Saga er full er Hótel Saga tóm fyrir utan drauga fortíðar sem þar voma um ganga og bíða eftir að fá háskólastúdenta eða óbólusetta í einangrun til þess að ofsækja.

Önnur hótel eru í sömu klemmu og þurfa eitt af öðru að loka dyrum sínum vegna teppu í ferðamannaflaumi. En rétt eins og í tilfelli Sögu er enginn skortur á hugmyndum að nýjum notum fyrir draugahótelin. Grand Hóteli er umbreytt í litboltaleikvang ríka fólksins, Galaxy Pod Hostel endurnýtir svefnhylkin til að frysta fólk sem vill sitja hjá í faraldrinum og Fosshóteli Rauðará er umbreytt í sögusafn um Covid-19.

### Ríkisstjórn í heilaþoku

Ríkisstjórnin heldur út árið og sennilega gott betur þrátt fyrir að hún hökti með reglulegu millibili. Það verða ekki síst nýir þingmenn í stjórnarflokkunum sem verða sinni eigin stjórn erfiðir.

Mörgum er þó létt í byrjun árs þegar fyrirhuguð breyting á ráðuneytum gengur sjálfkrafa eftir þegar þrír ráðherrar Sjálfstæðisflokksins, **Bjarni Benediktsson, Þórdís Kolbrún Reykfjörð** og **Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,** snúa aftur úr Covid-veikindaleyfi. Týnd í heilaþoku langvarandi eftirkasta



Bjarni Benediktsson

halda fyrrverandi iðnaðar- og dómsmálaráðherra áfram að sinna sínum gömlu embættum eins og ekkert hafi í skorist. Bjarni ræður hins vegar ekki annað af ganginum í stjórnarsamstarfinu



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

en að hann sé enn forsætisráðherra og heldur áfram að ráða öllu sem hann vill ráða.

Meðvitundarlaust um að hafa smitast af Covid heldur ráðherraþríeykið áfram að tala sóttvarnir



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

niður og fyrir rýmkun smitleiða þannig að varaþingmaðurinn Arnar Þór Jónsson færist allur í aukana og höfðar slíkan sæg af málum gegn sóttvarnalækni að á tímabili er í alvöru rætt um að bæta við nýju dómstigi. Sóttvarnarétti, svokölluðum.

Telja má víst að ríkisstjórnin muni þurfa að leita sátta í stórum málum fyrir Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg og þótt þau verði ekki öll rakin til Arnars Þórs verður hann ekki til að bæta stöðuna. Ekki er síðan annað að sjá á botni kaffibollans en að fyrrverandi þingmaður sem hvarf skyndilega úr stjórnmálum gangi í endurnýjun pólitískra lífdaga í innansveitarpólitíkinni á Seltjarnarnesi.

# Hreyfiafl til góðra verka

Við óskum viðskiptavinum okkar og öðrum landsmönnum farsældar á nýju ári og þökkum fyrir samfylgdina á árinu sem er að líða.

Við viljum vera hreyfiafl til góðra verka og munum gefa rausnarlega upphæð til Alzheimersamtakanna, Barnahúss, Barnaspítalans, Kvennaathvarfsins, Geðhjálpar og Píeta samtakanna og vonum að gjöfin komi að góðum notum.

ALZHEIMER SAMTÖKIN BARNAHÚS HRINGURINN BARNASPÍTALI KVENNA ATHVARF GEÐHJÁLP PÍETA SAMTÖKIN

Í aðdraganda jóla fengu starfsmenn Íslandsbanka tækifæri til þess að kjósa um hvaða sex góðgerðarfélög fengju gjöf frá bankanum og urðu ofangreind félög fyrir valinu.

**Gleðilegt nýtt ár.**
**Starfsfólk Íslandsbanka**



Langþreyttri og margbólusettri völvunni er heldur farin að daprast sjón og margt óljóst í spilunum og ekkert jákvætt að sjá. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

”

**Baráttan um Reykjavíkurborg verður óvenju hatrömm. Ekki síst innan Sjálfstæðisflokksins.**

## Borgríkið logar

Baráttan um Reykjavíkurborg verður óvenju hatrömm. Ekki síst innan Sjálfstæðisflokksins þar sem hin órólega deild eldri karla má ekki til þess hugsa að **Hildur Björnsdóttir** leiði flokkinn í kosningabaráttunni.



Hildur Björnsdóttir

Allt verður þetta mál hið vandræðalegasta þegar tveir karlar gefa kost á sér í leiðtogaprófkjörinu. Annar vegur þungt, líklega **Páll Magnússon** sem enn leitar að nýjum samastað í tilverunni, en öllu léttvægari þykir sókn **Viðars Guðjohnsen** eldri utan úr ysta hægri.

Þrýst er á karlana að draga framboð sín til baka sem annar þeirra gerir á elleftu stundu með uppákomu sem er síst til þess fallin að þétta raðirnar. Viðar gefur sig þó ekki, frekar en við var að búast, og kemst mun lengra en fyrir fjórum árum og uppsker að lokum sæti í borgarstjórn.

**Vigdís Hauksdóttir** er heldur ekki af baki dottin þótt Uppspuni frá Rótum sé allur og stígur, blóðug upp að öxlum, fram á vígvöllinn með herópinu: Borgríki mitt fyrir hross! Og heldur að sjálfsögðu velli hvar þau Viðar smella sem flís við rass og láta svo illum látum saman að allar fyrri væringar í ráðhúsinu eru sem barnaleikur.



Dagur B Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík

**Dagur B. Eggertsson** virðist ætla að vera að ákveða hvort hann hætti eða haldi áfram fram yfir kjördag og því vandi um að spá hvort borgarstjórnartíð hans sé að ljúka eða fram undan séu önnur fjögur ár með Vigdísi á bakinu.

## Uppspuni frá Rótum allur

Eftir að hafa riðið vaskur um héruð og komist heill í gegnum völvuhrakspár síðustu ára er Miðflokksgæðingurinn **Uppspuni frá Rótum undan Þvælu frá Upphafi** farinn að haltra undir Sigmundi Davíð.

Það ætti svo sem ekki að koma að sök þar sem Sigmundi líður best í andstreymi en þegar Bergþór Ólason pakkar saman föggum sínum og hleypur á eftir Birgi Þórarinssyni í Sjálfstæðisflokkinn fallast leiðtoga eins manns þingflokksins hendur og hann ákveður að lina loks þjáningar klársins með því að ánafna hann líftæknifyrirtækinu Ísteka til blóðaftöppunar og slá hann síðan af.

Leiðindin ætla þó engan enda að taka þar sem Sigmundi er bent á að Uppspuni sé ekki meri þannig að honum er lógað án þess að nokkuð fáist fyrir blóð hans. Snýr Sigmundur sér því næst að harðri baráttu gegn blóðtöku úr íslenskum merum og uppsker mikinn fögnuð gamalla andstæðinga á þingi þar sem frægð hans verður mikil.

## Sænska leiðin

Söngvarinn **Birkir Blær Óðinsson** er sjálfkjörinn fulltrúi Íslands í Eurovision eftir sögulegan sigur í sænsku Idol-söngkeppninni. Að vísu eftir harðvítuga milliríkjadeilu milli Íslands og Svíþjóðar þar sem deilan við Norðmenn um eignarhaldið á Snorra Sturlusyni er hjóm eitt í samanburðinum.

Allt verður þó, sem oft áður, þjóð vorri að ógæfu og þrátt fyrir tólf stig frá Svíum hafnar Birkir í 16. sæti. Bæjarstjórn Akureyrar ætlar að senda frá sér harðorð mótmæli en kemst aldrei til þess þar sem hún er of upptekin við að smala köttum.



## Píratar í ölgusjó

Það gefur hressilega á bátinn hjá Pírötum á árinu sem hefst með því að **Björn Leví Gunnarsson** bregst við gelluvæðingu þingsins með tilraunum til að aflúða flokkinn enn frekar. Hann mátar nokkur pör af skóm, bæði támjóum í kúrekastíl og því nýjasta frá Adidas. Finnst ekkert passa og birgir sig upp af Star Wars-sokkum í H&M.

Píratarnir halda sig síðan á þráhyggjurófinu og herða sóknina gegn jólasveininum, Benedikt búálfi, Ronju Ræningjadóttur og Bangsímon sem þeir telja ala á spillingu og gera fátt annað en kenna börnum að svindla, ljúga, þiggja mútur og svíkja undan skatti.

Baráttan skilar flokknum sögulegu lágmarki í skoðanakönnunum með haustinu en þá er vörn snúið í sókn með því að dressa þingflokkinn allan upp í hvítu.

## Brynjar hættir og byrjar

Þingmaðurinn fyrrverandi **Brynjar Níelsson** hefur kvatt versta ár lífs síns og allt stefnir upp á við hjá honum og eftir að hann losnaði við Hrein Loftsson úr innsta hring Jóns Gunnarssonar, meints dómsmálaráðherra, eru hreinar línur hver ræður í ráðuneytinu.



Brynjar Níelsson

Brynjar byrjar þannig og hættir á víxl á Facebook en það ræðst miklu frekar af því hvernig vindar blása heima hjá honum en í ráðuneytinu. Honum fer þó að leiðast þófið innan um gamla fólkið á Fésbókinni þegar heyannir byrja og reynir fyrir sér á Twitter og reitir sértrúarsöfnuðinn þar jafnvel til meiri reiði en ráðning hans í dómsmálaráðuneytið gerði á hinu vonda ári 2021.

Honum bregður þó hvorki við sár né bana og eflist svo mjög við allt mótlætið á Twitter að hann hefur lítinn sem engan tíma til þess að koma öllum þeim illvirkjum í verk sem Twitter-fólkið hafði séð fyrir sér. Allir anda léttar. Ekki síst fólk á flótta, þolendur og konur upp til hópa.

Brynjari óviðkomandi verður töluverð hreyfing á aðstoðarmannaliði ríkisstjórnarinnar og út- og innáskiptingar tíðari en í karlalandsliðinu í knattspyrnu. Fæðingarorlof eru meðal hreyfiaflanna í aðstoðarmannaleiknum sem að sjálfsögðu skemmtir skrattanum í Brynjari. Eins og mun koma betur fram á Twitter á næstu mánuðum.

## Töp og sigrar í sportinu

**Vanda Sigurgeirsdóttir,** formaður KSÍ, verður kjörin til áframhaldandi setu sem slíkur til tveggja ára í febrúar þótt í það minnsta tveir mótframbjóðendur séu á sveimi í spilunum. Þessir draugar verða þó til þess að dreifing atkvæða tryggir Vöndu djobbið á lokasprettinum.



Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ

Vanda verður þó áfram með storminn í fangið og fótboltanum því áfram tryggt annað sætið hjá KSÍ fram eftir ári á meðan formaðurinn er á fullu að slökkva elda sem gengur þó með ágætum enda Vanda föst fyrir og stendur storminn af sér og KSÍ.

**Töp**

Þótt Vanda sé brött og á beinu brautinni er fótboltinn ekki alveg kominn fyrir vind. Málin utan vallar hafa ekki verið kláruð og umræðan hverfist því áfram mun meira um atvik utan vallar en mörk, spörk og spjöld á vellinum.

Ríkisstjórnin finnur undir lok ársins óvænta þörf til að gleðja íþróttalífið í landinu með gleðifréttum um að skattfé verði loks veitt ríkulega til uppbygg-



ingar í Laugardalnum og heitir tugum milljarða til þess að fleiri heimaleikir verði ekki leiknir á erlendri grundu.

**Silfur og gull**

Íslandsmótið í knattspyrnu verður jafnt og spennandi og í kúlunni góðu eru blikur á lofti hjá Blikum sem munu aftur guggna á ögurstundu.

Dökkt er síðan yfir kristalskúlunni þegar litið er til EM í handbolta. Landsliðsþjálfarinn virðist kominn út í horn, sem er dálítið kúnstugt þar sem um kúlu er að ræða.

Einhverjir sigrar eru þó á sveimi í tóminu en þeir verða ekki fleiri en tveir. Því miður. Jafnvel útlit fyrir að **Guðmundur Guðmundsson** láti gott heita að mótinu loknu.

Íslensku valkyrjurnar í knattspyrnu fara á EM en koma aðeins með eitt stig til baka þannig að þær fara ekki áfram úr riðlinum. Góðu fréttirnar eru að í aðdraganda EM er veiran skæða hætt að vera skæð og síðasti æfingarleikur stelpnanna troðfyllir Laugardalsvöll og áhorfendamet verður sett. Fyrsti grímulausi leikurinn og engin heimapróf.


ASKJA
Látum strauminn bera okkur inn í nýtt ár
Við horfum björtum augum til framtíðar og munum áfram leggja okkar af mörkum til að hraða orkuskiptum á Íslandi með því að bjóða viðskiptavinum okkar enn meira úrval hagkvæmra og umhverfisvænna valkosta á bílamarkaði.
Starfsfólk Öskju þakkar ánægjuleg samskipti á árinu 2021 og óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári.
Straumurinn er í Öskju
Kolgrafafjörður á Snæfellsnesi.
Askja • Krókhálsi 11–13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is



Viktoría með Hermann Flóka sem var svo huggulegur að bíða tvær vikur fram yfir svo mamma gæti örugglega klárað að tala við Hvunndagshetjurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Upplífgandi hvunndagshetjur

**Viktoría Hermannsdóttir var kasólétt í vor þegar hún hóf leit að hvunndagshetjum fyrir nýjan sjónvarpsþátt. Hún fann hetjurnar og kláraði viðtöl við þær áður en sonur hennar kom í heiminn. Hún telur hetjusögurnar upplagðan innblástur á nýju ári en fyrsti þátturinn fer í loftið á sunnudagskvöld.**

toti@frettabladid.is

„Það er komið að þessu. Heldur betur,“ segir dagskrárgerðarkonan Viktoría Hermannsdóttir um sýningu þáttanna Hvunndagshetjur sem hún gerði kasólétt og rétt náði að klára áður en sonur hennar vildi komast í heiminn.

„Addú framleiðandi og tökuliðið voru tilbúin að taka á móti en það kom ekki til þess. Ég gekk tvær vikur fram yfir og hefði alveg getað verið lengur að þessu,“ segir Viktoría og hlær.

Þættirnir fjalla, eins og nafnið ber með sér, um venjulegt fólk sem hefur vakið athygli og hrifningu náungans fyrir óeigingjarnt starf í þágu annarra. Viktoría lýsti eftir slíkum hetjum í Fréttablaðinu í mars og sagðist þá telja víst að allir þekktu einhverjar hetjur.

„Það var niðurstaðan. Við fengum endalaust af ábendingum um alls konar fólk og það bara er ótrúlega gaman að sjá greinilega hversu mikið er af góðu fólki þarna úti sem er að gera alls konar,“ segir Viktoría.

Hún segist gjarnan viljað hafa fleiri hvunndagshetjur í þáttunum en stendur uppi með tólf manneskjur sem koma fram í sex þáttum. Tvær í hverjum.

„Það eru nokkrir sem ég fékk bara yfir hundrað ábendingar um. Sama fólkið, þannig að það eru alveg einhverjir þarna sem hafa haft áhrif á líf margra, þótt það hafi ekki farið sérstaklega hátt.“

**Feimnar hetjur**

Viktoría segir aðspurð að hetjurnar hennar séu það hlédrægar að aðeins hafi þurft að sannfæra þær um að vera með í þáttunum. „Ég held að flest hafi allavegana verið mjög hissa þegar við höfðum samband við þau,“ segir Viktoría og bendir á að fólk hafi vitaskuld ekki sjálft sent ábendingar um sig.

„Þetta kom bara frá fólki í kringum þau og flesta þurfti að sannfæra aðeins. Kannski ekkert mikið en þetta er kannski fólk sem er ekkert mikið að láta á sér bera. Allajafna. En við erum síðan náttúrlega með fólk í þáttunum sem hjálpar okkur svolítið að segja frá þeim. Þú kannski situr ekki sjálfur og segir „ég er frábær“. Þannig að við tölum við samferðafólk og einhverja svona sem geta lýst þeim.“

**Gangverk samfélagsins**

Viktoría segist telja fólk eins og það sem kemur fram í þáttunum í raun halda samfélaginu gangandi. „Að mörgu leyti erum við með samfélag sem sjálfboðaliðar halda gangandi með því að gera alls konar hluti hér og þar. Þetta er svona svo víða og ég held að samfélagið myndi ekki ganga án alls þessa fólks.

Það er svo mikið af fólki sem er að gera óeigingjarna hluti og er ekki að ætlast til að fá neitt í staðinn. Gerir þetta bara til þess að bæta samfélagið og það er svo fallegt.“

> ” Ég held líka að þetta gefi manni svo mikið að sjá einhvern veginn að maður sé að gera eitthvað gott fyrir aðra.

**Gott veganesti**

Fyrsti þátturinn verður sýndur á RÚV á sunnudagskvöld og Viktoría segist trúa því að þeir séu fólki gott veganesti inn í nýtt ár. „Fá svona smá hlýtt í hjartað og líka svo fólk hugsi kannski hvað það sjálft geti gert til að stuðla að betra samfélagi.

Ég held líka að það sé tilvalið fyrir fólk að fá svona í byrjun árs þegar allir eru að pæla einhvern veginn í hvernig þeir geti orðið betri manneskjur. Ég held líka að þetta gefi manni svo mikið að sjá einhvern veginn að maður sé að gera eitthvað gott fyrir aðra,“ segir Viktoría.

„Sumir þarna eru bara að sinna vinnunni sinni. Gera það bara sérlega vel og gera það einhvern veginn á þann hátt að eftir því er tekið og breytir einhvern veginn lífi annarra. Ég held að við getum öll tekið eitthvað svona aðeins til okkar.“ ■

# Holdgervingar hollrar karlmennsku

odduraevar@frettabladid.is

Gísli Marteinn Baldursson, Haraldur Þorleifsson, oftast nefndur Halli í Ueno, leikarinn Bjarni Snæbjörnsson, pistlahöfundurinn Unnar Karl Halldórsson og þátttakendur í Bandamanna-námskeiði Stígamóta fá hvatningarverðlaunin Karlmennska ársins, .

Þorsteinn V. Einarsson kynjafræðingur, sem heldur utan um samfélagsverkefnið Karlmennskuna, segir þá hafa sýnt mikilvægt fordæmi um jákvæða karlmennsku sem styður við jafnrétti og vinnur gegn misrétti.

Um hundrað tilnefningar bárust. Þorsteinn og sérfræðingar í jafnréttismálum fóru yfir þær og segir Þorsteinn marga hafa komið til greina.



Þorsteinn V. Einarsson, kynjafræðingur

„Viðurkenningin snýst samt í raun ekki um einstaklingana sjálfa eða um þá sem einhverjar fyrirmyndir eða leiðtoga. Þótt þeir séu það að mörgu leyti. Hvatningarverðlaunin snúast fyrst og fremst um að vekja athygli á því sem þeir gerðu og hvernig þeir nýttu forréttindastöðu sína“, segir Þorsteinn en viðurkenningunum fylgdi stuttur rökstuðningur um hvernig þeir höfðu sýnt jákvæða karlmennsku í verki.

Þorsteinn segir að sú hegðun sem þótti fordæmisgefandi fyrir aðra karla og þótti merki um jákvæða karlmennsku hafi tengst afstöðu gegn ofbeldi, líkt og kallað hafi verið eftir með byltingum líkt og #MeToo.

Þorsteinn tekur fram að þótt þeir eigi afstöðu gegn ofbeldi sameiginlega þá sé um ólíka nálgun að ræða. „Unnar beitir til dæmis pennanum fyrir sig með óhefluðum og algjörlega afdráttarlausum skrifum þar sem hann ber harða og jafnvel íhaldssama karlmennsku sem virkar vel á ákveðinn hóp sem myndi kannski ekki endilega hlusta á mig eða femínískar konur. Á meðan Haraldur beitir fjárhagslegum forréttindum sínum og brá þannig hlífiskildi yfir þolendur og baráttufólk sem hótað var meiðyrðakærum.“ ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

AFGREIÐSLUTÍMI
ÁRAMÓT
Laugavegur
31. des. Gamlársdagur
Opið allan sólarhringinn
1. jan. Nýársdagur
Opið allan sólarhringinn
Austurstræti
31. des. Gamlársdagur
Opið
08:00-02:00
1. jan. Nýársdagur
Opið
08:00-02:00



Áramótaheitið
okkar er að nýta orkuna í að halda áfram að gera
líf viðskiptavina okkar einfaldara og þægilegra.
Hlökkum til að sjá þig
Gleðilegt nýtt ár
ORKAN
LÚGA

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is




## Bakþankar



Svanborgar Sigmarsdóttur

# Sá síðasti

Á morgun hefst nýtt upphaf. Því gæti verið síðasti séns að gera eitthvað bjánalegt í dag áður en öll nýársheitin um hvernig við verðum að betra fólki taka gildi. Við getum verið haugar; borðað allt súkkulaðið, legið uppi í sófa yfir Netflix, umlað eitthvað framan í fólkið sem við búum með án þess að hlusta. Með nýju ári verður svo allt fyrirgefið. Þetta gerðist hvort eð er í fyrra.

Þessi síðasta vika er vika upprifjunar á árinu, sem nær hámarki í kvöld með annálum og Skaupinu. Svona rétt til að minna okkur á það sem við erum að kveðja áður en ástkær gæludýrin leita skjóls á meðan við sprengjum upp síðustu leifar þess. Við höfum tvo daga til að ræða hvort Skaupið hafi verið gott eða vont. En svo er tími kominn til að horfa fram á við.

Við tökum hlutverk Janusar, sem janúarmánuður er kenndur við, alvarlega. Guðs hliðsins sem gætir jafnt upphafs allra atburða og endaloka þeirra. En þurfum að muna að hann hefur tvö andlit og horfir samtímis áfram og aftur á bak. Hann gætir tímans.

Hættan er að festast í öðru andlitinu. Að horfa til framtíðar og gleyma því sem gerst hefur. Eða festast í fortíðinni og gleyma framtíðinni. En Janus er jafnvægið þar á milli. Þar sem sá síðasti verður ekki sá fyrsti, heldur bara þarna í miðjunni. Því tíminn flæðir ekki í hringi. Hann bara flæðir. Líka yfir áramót. Því skiptir engu hvort öll áramótaheitin taki gildi á morgun eða í maí. Glugginn til að verða að betri manneskju er alltaf opinn.

Gleðilegt ár, hvenær sem árið þitt byrjar. ■




